



SKOÐUN Íslendingar leita undanþágunnar frekar en reglunnar. **15**



MENNING Fléttan heldur ekki athyglinni í Furðulegu háttalagi hunds um nótt. **22**



LÍFID Blendin-piltarnir heilluðu netrisann Google upp úr skónum. **34**



SPORT Gunnar Nelson sendi skýr skilaboð með sigri í UFC um helgina. **28**

OPIÐ 24 TÍMA **Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla**

Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur
10. mars 2014
58. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt öreftmálakönnun Capacent Gallup, janúar - mars 2014

FRÉTTIR



Brimbrettamenn í skjól
Bæjarráð Ölfuss tekur vel í ósk brimbrettafólks um að fá að koma sér upp aðstöðu í fjörinni í Skötubót. **2**

Fordæmalausar blekkingar
Félag íslenskra atvinnuflugmanna segir rökstuðning fyrir hertu eftirliti með flugáhöfnum rakalausar blekkingar. **4**

Vilja hótél við Skógafoss
Fulltrúar í skipulagsráði Rangárbings eystra óttast að risahótel geti skyggt á Skógafoss. **8**

Pagga niður í börnum
Krafa er um lagabreytingu í Svíþjóð til að foreldrar geti ekki komið í veg fyrir að börn beri vitni gegn þeim í dómsmálum. **11**



Bolungarvík	1°		SA	9
Akureyri	2°		SA	6
Egilsstaðir	3°		S	5
Kirkjubæjarkl.	4°		SA	4
Reykjavík	4°		SA	4

Hvasst! Vindur fer vaxandi með deginum, fyrst SV-til en síðdegis má búast við hvassviðri eða stormi norðvestan- og vestantil. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



FÓR AÐ LEIÐI FISCHERS Garry Kasparov, fyrrverandi heimsmeistari í skák, er staddur hér á landi. Hann fór að leiði Bobbys Fischer í Laugardælakirkjugarði í gær á fæðingardegis Fischer. Heimsmeistararnir hittust aldrei í lífanda lífi en Kasparov segir að Fischer hafi fært skákina í nýjar hæðir. Sjá síðu 6. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL.

Orkuskerðing kostar iðnaðinn milljarða

Alcoa Fjarðaál verður af 1,5 milljarða tekjum vegna orkuskerðingar Landsvirkjunar. Elkem á Grundartanga hefur dregið úr framleiðslu um 30%. Becromal hefur dregið á 10 af 60 vélum. Lág vatnsstaða í lónum gerir Landsvirkjun ómögulegt að afhenda næga orku.

ORKUMÁL Tekjutap Landsvirkjunar og viðskiptavina fyrirtækisins vegna orkuskerðingar hleypur á milljörðum. Tap Alcoa Fjarðaáls nemur 1,5 milljarði króna, að óbreyttu. Framleiðsla kísiljárnsverksmiðju Elkem á Grundartanga hefur verið skert um 30%. Aflþynnuverksmiðja Becromal á Akureyri hefur dregið á tíu af sextíu vélum verksmiðjunnar.

Samkvæmt samningum Landsvirkjunar og orkukaupenda er leyfilegt að skerða raforkuafhendingu í slökum vatnsárum ef þurfa þykir, og í raun ráð fyrir því gert. Tap fyrirtækisins sjálfs, sem er tilkomið vegna bágs vatnsbúskapar í Blöndulóni og Þórisvatni, er metið á 700 milljónir króna. Landsnet tapar tugum milljóna.

Framleiðslutap Fjarðaáls verður nokkru minna en upphaflega var talið, en orkuskerðingin kemur þó einna verst við fyrirtækið þegar allt er talið. Framleiðslutapið er um 7.000 tonn. Miðað við heimsmarkaðsverð á áli í gær nemur tapið því um 1,5 milljörðum, sem Alcoa staðfestir þó ekki.

Einar Þorsteinsson, forstjóri Elkem á Íslandi, segir að dregið hafi verið á stærsta ofni verksmiðjunnar í síðustu viku. „Þetta er töluvert högg. Við erum búin að skerða framleiðslu um 30 prósent, og svo verður til mánaðamóta. Svo er óvissa um framhaldið. Nú er þetta annað árið í röð

„Nú er þetta annað árið í röð sem þessi staða er uppi á borðinu, og það vekur óneitanlega hjá manni ónotakennd.“

Einar Þorsteinsson, forstjóri Elkem á Íslandi

sem þessi staða er uppi á borðinu, og það vekur óneitanlega hjá manni ónotakennd,“ segir Einar.

„Þetta kemur sérstaklega illa við okkur af því þetta er annað árið í röð sem við þurfum að gera ráðstafanir vegna skerðingar,“ segir Dagmar Ýr Stefánsdóttir, upplýsingafulltrúi Alcoa.

Þær upplýsingar fengust frá aflþynnuverksmiðju Becromal á Akureyri að dregið hafi verið á tíu af 60 vélum.

Þá eru ónefnd orkufyrirtæki, en Orkubú Vestfjarða reiknar með 200 milljóna aukakostnaði vegna skerðingarinnar. Á móti kemur að um svokallaða skerðanlega orku er að ræða, en verð á henni er mun lægra en við kaup á rafmagni með fullum forgangi.

Orkuskerðingin kemur misjafnlega niður á fyrirtækjunum, en Norðurál á Grundartanga kaupir aðeins þriðjung sinnar orku frá Landsvirkjun, og tapið því ekki verulegt, svo dæmi sé tekið.

- shá / sjá síðu 6

Örorkulífeyrisþegi fær 120.000 krónur á mánuði vegna ósamræmis í reglum: Þúsund manns fá skertar bætur

VELFERÐARMÁL Rúmlega þúsund Íslendingar búa við skertar örorkubætur eftir að hafa tapað hluta réttinda sinna á Íslandi.

Þar af eru rúmlega sjö hundruð búsettir á Íslandi. Meirihluti þeirra fær engar bætur frá því ríki sem þeir bjuggu í.

Haraldur Arngrímsson, tannlæknir og örorkulífeyrisþegi, lifir á 120 þúsund krónum á mánuði vegna ósamræmis í reglum um lífeyrisgreiðslur milli Íslands og Svíþjóðar. Hann bjó í Svíþjóð í átján ár, eða til ársins 2010. Hann hafði hætt störfum nokkru áður vegna slitgigtar og reyndi að sækja rétt sinn.

„Reglum var breytt í Svíþjóð og fólki gert erfiðara fá örorku-

mat,“ segir Haraldur sem flutti að lokum heim til Íslands og var fljótlega metinn með fulla örorku.

Við tók formlegt ferli þar sem hann sótti aftur um örorkubætur í Svíþjóð með aðstoð Tryggingastofnunar á grundvelli hins íslenska örorkumats. „Það fór gríðarlegur tími í að fara í gegnum þessi tvö skrifræðisbákn, en í Svíþjóð tóku þeir ekki mark á læknisvottorðum sem ég sendi héðan,“ segir Haraldur, sem fékk aftur neitun að utan.

Örorkulífeyrisþegar hafa í auknum mæli leitað sér aðstoðar hér á landi. „Við höfum reynt að aðstoða þá sem eru í þessari stöðu að nýta úrræðin sem eru í boði, en við höfum líka vakið



„Við höfum reynt að aðstoða þá sem eru í þessari stöðu að nýta úrræðin sem eru í boði.“

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastýra Mannréttindaskrifstofu Íslands

athygli stjórnvalda á málinu því hópurninn fer bara stækkandi,“ segir Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastýra Mannréttindaskrifstofu Íslands.

- eb / sjá síðu 10

MOTTU MARS

Svaraðu þreystikallinu & TAKTU ÞÁTT

— SKRÁÐU ÞIG —
MOTTUMARS.IS
— EÐA GEFÐU 1000 KRÓNUR —
908 1001

Vertu laus við **LÍÐVERKINA!**

NUTRILENK GOLD

www.gengurvel.is

SPURNING DAGSINS



Finni, ertu með fordóma gagnvart vondu kallinum?

Nei, bara fólki með tattú. Það eru allt vondir kallar.

Guðfinnur Karlsson, Finni, leikur illmennilíki í Eurovision-myndbandinu fyrir lagið Enga fordóma. Hann segist minna á þá mynd sem fólk hefur af vondu kallinum og spilar þar inn í stórt tattú sem hann er með á höfðinu.

ESB-þingsályktunartillaga utanríkisráðherra rædd síðdegis á Alþingi í dag:

Stefnir í erfiða ESB-umræðu

ALÞINGI „Það stefnir í áframhaldandi átök um ESB-mál á Alþingi. Ríkisstjórnin hefur ekkert gert til að leysa málið. Það hefur ekki verið gerð nein tilraun af hálfu ríkisstjórnarinnar að semja um eitt eða neitt,“ segir Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar.

Dagskrá þingsins í dag hefst með óundirbúnum fyrirspurnatíma og er forsætisráðherra til svara. Að loknum óundirbúnum fyrirspurnum hefst áframhald fyrstu umræðu um að umsókn Íslands að Evrópusam-



ÁRNI PÁLL ÁRNASON



BIRGITTA JÓNSDÓTTIR

bandinu verði dregin til baka.

„Það er allt í húfi í þessari umræðu og allar líkur á því að hún

verði mjög erfið,“ segir Árni Páll og bætir við að ríkisstjórnin hafi ekki gert neina tilraun til að vinna ofan af málinu. „Ríkisstjórnin er að bregðast sínum eigin þingforseta, hann var búinn að leggja upp aðra aðferðafræði í málinu.“

Birgitta Jónsdóttir, kapteinn Pírata, segir að formenn allra þingflokka og forseti þingsins hittist á fundi í dag og á honum verði reynt að ná samkomulagi. Ekki náðist í forystumenn ríkisstjórnarinnar í gær vegna málsins.

- jme

Söfnunin staðið í tvær vikur:

20% kjósenda skrifað undir

EVROPUMÁL Um 48.400 manns, tuttugu prósent kosningabærra manna, skora á Alþingi að leggja til hliðar þingsályktunartillögu um að draga umsókn um aðild að ESB til baka og boða til þjóðar- atkvæðagreiðslu.

Undirskriftasöfnunin fer fram á vefsíðunni þjóð.is og hefur staðið yfir í tvær vikur. Fjöldi undirskrifta er nú í efri mörkum þess sem nefnt hefur verið sem eðlilegur þröskuldur fyrir þjóðar- atkvæðagreiðslu.

- hg



VARNARVEGGUR Öeirðalögrela í Úkraínu myndar varnarvegg fyrir framan stjórnarbyggingu í Donetsk þar sem rússneskar fylkingar héldu kröfufund.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsætisráðherra Úkraínu fer til Bandaríkjanna:

Fundar með Obama

ÚKRAÍNA Forsætisráðherra Úkraínu, Arsení Jatsenjúk, hefur tilkynnt að hann fari til Washington á miðvikudag til að ræða ástandið á Krímskaganum. Jatsenjúk mun hitta Barack Obama, forseta Bandaríkjanna, og háttsetta embættismenn í stjórnsýslunni.

Tilgangurinn með ferðinni er að leita friðsælla lausna á deilum Úkraínu og Rússlands. Einnig munu þeir ræða mögulegan alþjóðlegan fjárstuðning við Úkraínu. Hvíta húsið hefur staðfest heimsóknina og segir að móttakan sýni fram á þann mikla stuðning sem Bandaríkin sýna úkraínsku þjóðinni.

- ebg

Norrænir jafnréttisráðherrar:

Bakslag orðið í kvennabaráttu

JAFNFRÉTTI Norrænir jafnréttisráðherrar standa fyrir ýmsum viðburðum á Kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í New York sem hefst í dag.

Eygló Harðardóttir fer fyrir norrænu ráðherrunum en hún er formaður Norrænu ráðherranefndarinnar um jafnréttismál á þessu ári.

Eygló, segir að fyrir tilstilli alþjóðasamfélagsins hafi tekist að draga úr barnadaða, aftur á móti hafi orðið bakslag í baráttunni fyrir rétti kvenna til að ráða yfir eigin líkama. Hún segir að það sé mál sem Norðurlandþjóðirnar hafa beitt sér fyrir á vettvangi SP og ætli að halda því áfram.

- jme

Veiðar á hörpuskel hefst:

Stofninn farinn að sýna lit

SJÁVARÚTVEGUR Veiðar á hörpuskel í Breiðafirði munu hefjast aftur þann 1. apríl næstkomandi, en veiðibann hefur staðið yfir frá árinu 2003.

„Þetta er tilraunaverkefni sem við erum að fara í ásamt Hafrannsóknarstofnun, en stofninn er nú loks farinn að sýna einhvern lit,“ segir Rakel Olsen, stjórnarformaður Ágústsson ehf.

Um mikið áfall var að ræða fyrir þær byggðir sem höfðu byggt upp mikið atvinnulíf í kringum hörpudisksvinnslu, en um 70% af veltu Ágústsson ehf. tengdust hörpuskelinni.

- sks

Brimbrettamenn fá skjólshús í Skötubót

Bæjarráð Ölfuss tekur vel í ósk um að brimbrettafólk fái að koma sér upp aðstöðu í fjörunni í Skötubót við Þorlákshöfn. Gæti orðið stórt á næstu árum segir Bjarki Þorláksson hjá surf.is. Útlendir brettamenn eigi ekki orð yfir aðstæður á Íslandi.

APPREYING „Þetta er falinn fjár-sjóður,“ segir Bjarki Þorláksson hjá surf.is um fjöruna í Skötubót í Þorlákshöfn þar sem vel er tekið í þá hugmynd að komið verði upp aðstöðu fyrir brimbrettafólk.

Bjarki segir brimbrettaiðkun sífellt vaxa fiskur um hrygg á Íslandi. Skötubót sé meðal þeirra staða sem ákjósanlegastir séu fyrir íþróttina.

„Við erum að falast eftir að fá að koma upp skýli, kannski skúr eins og notaður er í byggingar-iðnaði, til að geta klæðst göllum- um í skjóli og farið í sturtu.“

Bjarki segir að nú séu á bilinu fimmtíu til sextíu manns sem stundi brimbrettin að staðaldri. Námskeið fyrir byrjendur séu haldin í Skötubót og í Sandvík á Reykjanesi. Þeir sem reynslu- meiri séu geti stundað íþróttina nánast um allt land.

Vaxandi straumur útlendinga kemur að sögn Bjarka til að standa á brimbrettum við strendur landsins. Þeir séu mjög hrifnir af Skötubótinni.

„Þessi svarti sandur er alger perla í augum útlendinga og þeir eiga ekki orð. Útlendingar sem koma hingað eru að taka myndir sem þeir fá birtar í flottum surf-tímaritum erlendis, á netinu og samfélagsmiðlum. Þannig að þetta er fljótt að spyrjast út og gæti orðið tiltölulega stórt innan fárra ára,“ segir hann aðspurður um hugsanlegan uppgang brimbrettaiþróttarinnar.

Þá bendir Bjarki á að Skötubót og svæðið þar í kring höfði ekki aðeins til brimbrettafólks. Kajak- menn stundi þaðan siglingar og í



Í SKÖTUBÓT Vanir brimbrettamenn stunda íþróttina allan ársins hring þegar færi gefst.

MYND/SURF.IS

Þessi svarti sandur er alger perla í augum útlendinga.

Bjarki Þorláksson brimbrettamaður

landi sé golfskáli þar sem hægt sé að fá veitingar.

Sem fyrr segir tekur bæjar- stjórn Ölfuss vel í hugmyndir brimbrettakappa. Þegar er gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2014 til 2017 að hefja undirbúning að uppsetningu á aðstöðu fyrir brimbrettafólk í Skötubótinni. Bjarki er ánægður með þróunina. Varð-



KAPPAR Á STRÖNDINI Farið yfir stöðuna á námskeiði.

MYND/SURF.IS

andi frekar uppbyggingu kveður hann vissulega ýmsa möguleika í ferðaþjónustu á svæðinu. „Þó ég sé ekki að halda því fram að þetta sé Havaí er þetta kannski Havaí norðursins.“

gar@frettabladid.is

Lögmaður Hjördísar Svan í Danmörku er bjartsýnn vegna nýrrar skýrslu:

Verður áfram í gæsluvarðhaldi

DÓMSMÁL Gæsluvarðhald Hjördísar Svan Aðalheiðardóttur hefur verið framlengt um fjórar vikur. Hún hefur setið í fangelsi í Horsens frá 10. febrúar síðastliðnum og er gefið að sök að hafa flutt dætur sínar þrjár frá Danmörku til Íslands síðastliðið sumar án leyfis föður stúlkanna, sem hefur forræði yfir þeim.

Lögmaður Hjördísar í Danmörku, Thomas Berg, segir ríkissaksóknaraembættið vera að undirbúa ákærana og vonast hann til að ákæran verði gefin út innan sex vikna. Í kjölfarið munu réttarhöld yfir Hjördísi hefjast.

Aðspurður um refsirammann fyrir brot Hjördísar og hvers megi vænta ef hún verður fundin sek segist Thomas Berg vera nokkuð bjartsýnn.

„Saksóknarinn í málinu hefur fengið skýrslu frá íslenskum sálfræðingi. Það er skýrsla byggð á viðtali við stúlkurnar sem mun að öllum líkindum hafa áhrif á dóminn. Ég hef lagt til að íslensk yfirvöld fái afrit af þessari skýrslu, mín trú er að það mun verða til þess að þær verða aldrei sendar aftur til Danmerkur.“

Thomas segir Hjördísi vissulega hafa brotið lög með því að fara með dæturnar úr landi. Aftur á móti skýri sálfræðiskýrslan forsendur hennar og trúir hann að það muni milda dóminn. Hann telur ólíklegt að hún muni þurfa að sitja lengur í fangelsi en þess- ar átta vikur sem hún mun sitja í gæsluvarðhaldi.

- ebg



FANGELSI Í HORSENS Mótmælt hefur verið fyrir framan fangelsið vegna gæsluvarðhalds Hjördísar.



Kringlunni
Sími 568 7777
heyarnarstodin.is

HEYRNARSTÖÐIN



1.000 kr.
notkun í
12 mánuði
fylgir!

4G
LTE

iPhone 5s 16GB

109.990 kr. stgr.
6.690 kr. /18 mán.

Nýtt
hjá
Nova!


Sjálfsmelluhnappur

1.990 kr. stgr.

HISY þráðlaus myndavéla-
hnappur fyrir iPhone (iOS 7).

Polar Loop snjallband

19.990 kr. stgr.



VELKOMMI TIL NOVA!



Urbanears

11.990 kr. stgr.

MARS
2f1

TILBOÐ


Skoðaðu tilboðin
í Nova appinu!

1.000 kr.
notkun í
6 mánuði
fylgir!

4G
LTE

iPhone 5c 16GB

89.990 kr. stgr.
5.490 kr. /18 mán.



Nike+ FuelBand SE

29.990 kr. stgr.

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

4G hjá Nova er í boði á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Selfossi, í Reykjanesbæ, Skorradal og Grímsnesi.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter

NOVA

SVONA ERUM VIÐ



6% barna á Íslandi fæðast áður en 37 vikna meðgöngu er náð.

Hlutfallið er svipað og á Norðurlöndunum og í Evrópu, en það er nokkuð hærra í Bandaríkjunum.

Heimild: Spyr.is

Bæjarráð Vestmannaeyja lýsir niðurskurði á sjúkrahúsinu sem ópolandi: Innfæddum fækkar ört í Eyjum

HEILBRIGÐISMÁL „Í dag eins og undanfarin misseri er staðan ópolandi,“ segir í ályktun bæjarráðs Vestmannaeyja um stöðu mála á Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja.

„Fæðingarþjónusta er á sama máta svo takmörkuð að langflest börn í þessu samfélagi fæðast nú í Reykjavík. Í því felst bæði óviðunandi hætta fyrir verðandi mæður og börn þeirra auk gríðarlegs kostnaðar og álags fyrir fjölskyldur á tíma sem að öðru leyti gæti orðið sá gleðilegasti í ævi hverrar fjölskyldu,“

segir bæjarráðið og vísar til þess að rekstur skurðeildar sjúkrahússins sé fjarri því að vera með þeim hætti sem þörf sé á í Eyjum.

Þá kveðst bæjarráðið taka undir afstöðu Eyjamanna í skýrslu samráðshóps heilbrigðisráðherra og bæjarstjórnar og lýsir áhyggjum sínum af viðhorfi fulltrúa ráðuneytisins. „Verði það að veruleika verður heilbrigðis- og öldrunarþjónusta færð langt aftur fyrir það sem eðlilegt má teljast í bæjarfélagi eins og Vestmannaeyjum.“



LANDSPÍTALINN Eyjamenn fæðast nú langflestir í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stöðva eldflaugasendingu: Telja flaugarnar vera frá Íran

ÍSRAEL, AP Ísraelsk hermálafyrirvöld segja að herinn hafi stöðvað skip með sendingu af 40 eldflaugum og tugum sprengja í sprengjvörpur sem hafi verið ætluð herskáum íslamistum á Gasa. Vopnin eru talin upprunnin í Íran.

Skipið er skráð í Panama en áhöfnin er tyrknesk. Talsmaður egyptskra stjórnvalda segir að vopnin hafi allt eins getað verið ætluð herskáum hópum á Sínaískaga í Egyptalandi, sem liggur að Gasa.

Sturla fram í Stykkishólmi: Vill bæjarstjórnastólinn aftur

SVEITASTJÓRNIR Sturla Böðvarsson, fyrrverandi samgönguráðherra og forseti Alþingis, vill verða bæjarstjóri í Stykkishólmi aftur. Hann skipar 4. sæti nýs lista, H-listans, lista framfarasinnaðra Hólmara.



STURLA BÖÐVARSSON

Sturla var sveitarstjóri og síðar bæjarstjóri í Stykkishólmi 1974-1991.

Eftir að hann lét af embætti bæjarstjóra sat hann sem þingmaður Sjálfstæðisflokksins frá 1991 til 2009. Sturla var samgönguráðherra frá 1999 til 2007 og forseti Alþingis tvö síðustu árin sem hann gegndi þingmennsku.

Fordæmalausar blekkingar í rökstuðningi segir FÍA

Félag íslenskra atvinnuflugmanna telur frumvarp innanríkisráðherra renna lagastoðum undir ólögmetna og ómálefnalega upplýsingaöflun. Ríkislögreglustjóri beinir fyrirspurnum um rökstuðning til flugmálafyrivalda.

STJÓRNSÝSLA Íslenskir atvinnuflugmenn mótmæla því að Ríkislögreglustjóri fái auknar heimildir til að afla persónuupplýsinga við bakgrunnsathuganir á flugáhöfnum í umsögn um frumvarp innanríkisráðherra.

„Með fyrirhugaðri lagasetningu er gengið lengra í öflun persónuupplýsinga en getur talið eðlilegt. Með þessum heimildum er hægt að svipta flugmenn atvinnu sinni með ómálefnalegum sjónarmiðum. Slíkt verður ekki látið óátalið,“ segir Sindri Sveinsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) um umsögn félagsins.

Frumvarpið er nú til umfjöllunar hjá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Verði það að lögum fær ríkislögreglustjóri auknar heimildir til að kanna fjárhagsleg mál og einkamál fyrir rétti.

Í umsögn FÍA segir meðal annars að í frumvarpinu sé leitast við að renna lagastoð undir hina ólögmetna og ómálefnalega upplýsingaöflun Ríkislögreglustjóra og það að frumkvæði embættisins eins og komi ítrekað fram í athugasemdum með frumvarpinu. Samt sem áður hafi Persónuvernd úrskurðað að ekki væri lagastoð fyrir upplýsingaöfluninni vegna réttarinn til friðhelgi einkalífs og atvinnufrelsis.

Einnig segir í umsögninni að lagabreytingatillögur sem lagðar eru til og samdar af embættismönnum ráðuneytisins, séu rökstuddar fyrir Alþingi og alþjóð með fordæmalausum blekkingum.

Blekkingarnar sem FÍA vísar til er sá rökstuðningur að breyta



Hér er embætti ríkislögreglustjóra að brjóta á borgurum og úrskurði Persónuverndar.

Sindri Sveinsson framkvæmdastjóri FÍA

þurfi lögum á grundvelli alþjóðlegra krafna um flugvernd. En FÍA spyr til hvaða alþjóðlegra krafna sé verið að vísa og hvers vegna þær kröfur séu ekki viðhafðar í öðrum löndum Evrópu.

Í svari Ríkislögreglustjóra við fyrirspurn Fréttablaðsins, segir að vísað sé til alþjóðlegra skuldbindinga og reglna vegna öryggis í flugsamgöngum. Bent er á að leita til flugmálafyrivalda sem hafi forræði í þessum málaflokki með frekari fyrirspurnir þar sem bakgrunnsathuganir séu á forræði flugmálafyrivalda og hlutverk Ríkislögreglustjóra sé að aðstoða flugmálafyrivöld.

Í umfjöllun um 11. grein frumvarpsins kemur fram að byggt sé á mati Ríkislögreglustjóra um að auka þurfi heimildir. Embætti ríkislögreglustjóra hafnar því að sá texti sé frá embættinu kominn.

Sindri segir flugmálafyrivöld ekki hafa beðið um auknar valdheimildir til persónurannsókna heldur Ríkislögreglustjóra og því ætti hann að svara fyrir það.

„Ef textinn kemur ekki frá Ríkislögreglustjóra, hvaðan kemur hann þá og beiðnin um



LEIFSSTÖÐ Til að áhafnir flugvéla fái aðgangsheimild að haftasvæði flugverndar þurfa þær að hljóta jákvæða umsögn Ríkislögreglustjóra eftir bakgrunnsathugun embættisins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lögin eru æðri úrskurði Persónuverndar

Hörður Helgi Helgason, settur forstjóri Persónuverndar, segir löggjafann í sjálfu sér ekki vera að fara fram hjá úrskurði Persónuverndar með því að breyta lögum.

„Löggjafinn er æðri úrskurði Persónuverndar og okkar hlutverk er að úrskurða eftir lögum eins og þau eru á hverjum tíma.“

Hörður segir að á fimmtudag muni stjórn Persónuverndar afgreiða umsögn um lagafrumvarpið á fundi sínum. Þangað til geti hann lítið tjáð sig um málið.

auknar heimildir? Er ekki hægt að benda á til hvaða reglugerða er verið að vísa og þá hvaða greinar þeirra er um að ræða?“

spyr Sindri en FÍA hefur ekki fundið reglugerðir þessa efnis þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. erlabjorg@frettabladid.is

Alþjóðleg fjármálalæsisvika: Eitt barn af hundrað lærir fjármálalæsi

MENNTUN Vekja á börn og ungmenntu til vitundar um fjármál með alþjóðlegri fjármálalæsisviku sem hefst í dag.

Fjölbreytt dagskrá verður alla vikuna, þar á meðal fjármálalæsisleikir fyrir efstu bekkji grunnskóla og leiðsögn um sýningu Seðlabankans.

Innan við eitt prósent barna í heiminum hefur aðgang að fjármálalæsismenntun en skortur á fjármálalæsi veldur því að ungt fólk lendir í vanda vegna skuldbindinga, sem hefur neikvæðar afleiðingar á þroska þess og velferð, segir í tilkynningu frá skipuleggjendum.



-ebg

ÓDÝRT!
NICOTINELL FRUIT

15% afsláttur
af öllum pakkningum


Afslátturinn gildir í mars.

Lyfjaval
APÓTEK

Mjódd Álftamýri
Bílaapótek Hæðasmára

Lyfjaval.is • sími 577 1160

Veðurspá



HLÝNAR LÍTILLEGA Það verður vindasamt í dag og hvassviðri eða stormur víða um land um miðjan daginn og fram á kvöld, einkum NV- og V-til. Það hlýnar í veðri svo úrkoma fellur að mestu leyti sem rigning. Dregur fyrst úr rigningu SV-til síðdegis.

AUGLÝSINGAÐEILDIR FRÉTTABLAÐSINS - AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson guðmundur@365.is, Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFÍÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarisdóttir vera@365.is **RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnartur@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður




TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

GERÐU STUTTAN STANZ

ókeypis ástanzskoðun
Í MARZ



Í mars er ókeypis ástandsskoðun á bremsum í boði viðurkenndra þjónustuaðila Toyota.

Auk þess þjódum við **20% afslátt*** af bremsuklossum, bremsuborðum og bremsudiskum og gefum kost á laufletttri vaxtalausri greiðsludreifingu.**

Gerðu stuttan stans hjá næsta viðurkennda þjónustuaðila Toyota ogaktu óhikað inn í vorið.

Engin vandamál - bara lausnir.

Toyota Kaupúni	Kaupúni 6	Garðabæ	570 5070
Toyota Akureyri	Baldursnesi 1	Akureyri	460 4300
Toyota Selfossi	Fossnesi 14	Selfossi	480 8000
Toyota Reykjanesbæ	Njarðarbraut 17	Reykjanesbæ	420 6610
Arctic Trucks	Kletthálsi 3	Reykjavík	540 4900
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Bæjarflöt 13	Reykjavík	440 8000
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Skemmuvegi 16	Kópavogi	440 8000
Bifreiðaverkstæði Ásinn	Kalmansvöllum 3	Akranesi	431 5050
Bílatangi	Suðurgötu 9	Ísafirði	456 4580
Bifreiðaverkstæði KS	Hesteyri 2	Sauðárkróki	455 4570
Bílaleiga Húsavíkur	Garðarsbraut 66	Húsavík	464 1888
Bílaverkstæði Austurlands	Miðási 2	Egilsstöðum	470 5070
Bílageirinn	Grófinni 14a	Reykjanesbæ	421 6901

*Miðast við að ísetning fari fram hjá viðkomandi viðurkennda þjónustuaðila Toyota.

**Ef þú greiðir með greiðslukorti áttu kost á að dreifa greiðslum í þrjú mánuði, vaxtalaus frá og með 2. maí með 3,5% þjónustugjaldi. Þrjár mismunandi hámarksupphæðir.

Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is

Pantaðu tíma í dag.
Það er einfalt og fjótlegt.

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða atvinnugrein var stærsta útflutningsatvinnugrein landsins í fyrra?
2. Hversu háa upphæð hafa íslenskir heimforeldrar gefið UNICEF frá upphafi?
3. Hver þýðir ljóðabókina Frá hjara veraldar eftir Melittu Urbancic?

SVÖR:
 1. Ferðabransan.
 2. Um 2,1 milljarð króna.
 3. Sólvi Björn Sigurðsson.

Malasískrar farþegapötu með 239 manns um borð leitað í rúman sólarhring eftir að hún hvarf:

Brak mögulega fundið nærri Víetnam

MALASÍA, AP Björgunarskip á vegum víetnamskra stjórnvalda leituðu í gærkvöldi að braki sem grunur leikur á að sé úr Boeing 777 farþegapötu Malaysia Airlines sem hvarf á föstudag.

Víetnamskir hermenn um borð í einni af fjölmörgum flugvélum sem leituðu í gær að leifum af þotunni töldu sig hafa séð hurð vélarinnar í sjónum í landhelgi Víetnam. Myrkur torveldaði leit að hleranum og þegar Fréttablaðið fór í prentun hafði ekki verið staðfest að um brak úr þotunni

væri að ræða. Flugumferðarstjórar misstu samband við vélina snemma á laugardagsmorgun þegar hún var stödd á milli Malasíu og Víetnam. Vélina var á leið frá Kúala Lúmpúr í Malasíu til Peking í Kína.

Ekkert neyðarkall barst frá vélinni, sem þykir ótrúlegt hafi vélin hrapað úr flughæð sinni og lent í sjónum. Ekkert amaði að veðri þegar vélin hvarf.

Yfirvöld í Malasíu fóru fljótlega eftir að vélin hvarf sporlaust að rannsaka hvort um hryðjuverk gæti

verið að ræða. Í ljós hefur komið að tveir farþegar hið minnsta framvísuðu vegabréfum sem var stolið af evrópskum ferðamönnum í Taílandi þegar þeir fóru um borð í þotuna.

„Ég get staðfest að við eigum myndir úr eftirlitsmyndavélum af fólkinu sem notaði vegabréfin,“ sagði Hishammuddin Hussein, samgönguráðgjafi Malasíu, á fundi með fréttamönnum í gær. Hann sagði malasísku leyniþjónustuna vinna náið með erlendum leyniþjónustum að rannsókn málsins.



SORG Ástvinir þeirra 239 sem voru um borð í þotunni sem hvarf búa sig undir hið versta. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þungt högg vegna orkuskerðingar LV

Alcoa Fjarðaál verður af 1,5 milljarða króna tekjum vegna orkuskerðingar Landsvirkjunar. Elkem á Grundartanga hefur dregið úr framleiðslu um þrjátíu prósent. Becromal á Akureyri hefur dregið á tíu af sextíu vélum aflþynnuverksmiðjunnar.

ORKUMÁL Orkuskerðing Landsvirkjunar til Alcoa Fjarðaáls veldur fyrirtækinu sex til sjö þúsund tonna framleiðslutapi og töpuðum tekjum sem nema 1,5 milljörðum króna, að óbreyttu. Framleiðsla kísiljárnsverksmiðju Elkem á Grundartanga hefur verið skert um 30 prósent.

Aflþynnuverksmiðja Becromal á Akureyri hefur dregið á 10 af 60 vélum verksmiðjunnar. Dagmar Ýr Stefánsdóttir, upplýsingafrú Alcoa, segir að framleiðslutap fyrirtækisins verði nokkru minna en upphaflega var talið. Hún getur ekki staðfest hvert tekjutap fyrirtækisins verður, en miðað við heimsmarkaðsverð á áli fyrir helgi nemur tapið um 1,5 milljörðum. Reiknað er með að nauðsynlegt verði að slökkva á einu af hverjum tíu af þeim 336 kerum sem fyrirtækið starfrækir, að óbreyttu.

„Þetta kemur sérstaklega illa við okkur af því að þetta er annað árið í röð sem við þurfum að gera ráðstafanir vegna skerðingar,“ segir Dagmar og vísar til þess að einnig var tilkynnt um orkuskerðingu í fyrra og vegna þessa dró Fjarðaál strax úr framleiðslu, þó til orkuskerðingar kæmi ekki. Þá var framleiðslutap fyrirtækisins um þúsund tonn og tekjutapið um 200 milljónir króna, en þá var boðuð skerðing vegna vatnsstöðu í Háslóni, miðlunarlóni Kárahnjúkavirkjunar.

Vandi Alcoa Fjarðaáls er ekki tilkominn vegna vatnsstöðunnar í Háslóni nú, heldur lágrar vatnsstöðu í Blöndulóni og Þórisvatni. Staðan markast af því að samningar fyrirtækjanna við Landsvirkjun tilgreina að orkuskerðingin komi niður á öllum fyrirtækjunum jafnt. Þetta þýðir í raun að verið er að flytja orku frá Kárahnjúkavirkjun suður, sem Alcoa myndi annars nýta. Einar Þorsteinnsson, forstjóri Elkem á Íslandi, segir að dregið hafi verið á stærsta ofni verksmiðjunnar í síðustu viku. „Þetta er töluvert högg. Við erum búin að skerða um 30 prósent, og svo



FJARÐAÁL Orkuskerðingin vekur upp stórar spurningar um flutningsnet raforku á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Vatnsskortur á hálendinu

Landsvirkjun tilkynnti stórnotendum fyrirtækisins um fyrirhugaða orkuskerðingu um miðjan janúar. Samkvæmt samningum er leyfilegt að skerða raforkuafhendingu í slökum vatnsárum ef þurfa þykir. Í samningum við stórnotendur nemur það allt að 10 prósent af orkunni sem viðskiptavinir kaupa. Ástæða orkuskerðingarinnar er að vatnsbúskapur Landsvirkjunar er lakari en mörg undanfarin ár vegna úrkomuleysis og kulda á hálendinu síðastliðið vor og sumar. Innrennsli í lónin var talsvert undir meðallagi og ekki náðist að fylla þau öll í haust, á þetta sérstakleg við um Blöndulón og Þórisvatn.

verður til mánaðamóta. Svo er óvissa um framhaldið. Nú er þetta í annað árið í röð sem þessi staða er uppi á borðinu, og það vekur óneitanlega hjá manni ónotakennd.“

Þær upplýsingar fengust frá aflþynnuverksmiðju Becromal á Akureyri að dregið hafi verið á tíu af sextíu vélum. Tekjutap er ekki gefið upp. Framleiðslugeta er um 12 milljón fermetrar af aflþynnum á ári, en framleiðslutapið núna er 100.000 fermetrar á mánuði. svavar@frettabladid.is

verður til mánaðamóta. Svo er óvissa um framhaldið. Nú er þetta í annað árið í röð sem þessi staða er uppi á borðinu, og það vekur óneitanlega hjá manni ónotakennd.“

Þær upplýsingar fengust frá aflþynnuverksmiðju Becromal á Akureyri að dregið hafi verið á tíu af sextíu vélum. Tekjutap er ekki gefið upp. Framleiðslugeta er um 12 milljón fermetrar af aflþynnum á ári, en framleiðslutapið núna er 100.000 fermetrar á mánuði. svavar@frettabladid.is

Kasparov telur að Pútín Rússlandsforseti láti ekki staðar numið núna:

Tók tvær vikur að innlima Krím

RÚSSLAND „Í mörg ár hefur fólk eins og ég varað við raunverulegu eðli Pútíns,“ segir Garry Kasparov, fyrrverandi heimsmeistari í skák. Hann er staddur hér á landi til að kynna framboð sitt til forseta FIDE, alþjóðskáksambandsins.

Í viðtali við fréttastofu Stöðvar 2 í gær sagði Kasparov, að þegar hann hefði minnst fyrst á að Ólympíuleikarnir í Sotsjí gætu haft sömu áhrif og leikarnir í Berlín 1936 hafi hann verið húðskammadur fyrir að líkja Pútín við Hitler.

„Það tók Hitler tvö ár að innlima Austurríki og Tékkóslóvakíu, eftir Ólympíuleikana. Það tók Pútín bara tvær vikur að innlima Krím. Því

miður er þetta rökfræði allra einræðisherra,“ segir Kasparov.

Hann segir að þegar einræðisherrar hafi ekkert að bjóða sínu fólki snúi þeir sér að ávinningum í útlöndum undir því yfirsýni að sameina fólk af sama uppruna.

„Við munum að þetta er það sem Hitler sagði. Pútín seildist núna til Krím og ég óttast, ef hinn frjálsli heimur sýnir ekki seiglu og ákveðni og berst ekki á móti, að ástandið geti versnað. Það eru helstu áhyggjur mínar núna því ég held að Pútín muni ekki sjálfviljugur láta staðar numið á Krím,“ sagði Kasparov. Hann telur að það sé mjög mikilvægt að læra af sög-



VARAÐ VIÐ Garry Kasparov segist lengi hafa varað við Pútín. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

unni og tryggja að Pútín geti ekki eyðilagt friðinn í Evrópu. - jme, hmp

Verkir í hálsi og öxlum?

Verkjastillandi og bólgueyðandi við verkjum í hálsi og öxlum!




Voltaren

Fæst án lyfseðils

Voltaren 11,6 mg/g, hlaup. Inniheldur 11,6 mg af diklófenakvítylamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvíllar. Skammtar og lyfjagjöf: Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borði á samt svaði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiðsli í stökkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækinn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetylalísílsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ósákláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetylalísílsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Síðustu 3 mánuðir meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglíngum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir eða augu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á almennum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við þrjústagið eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umbóð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ

Með **NAV** í áskrift sjáum við um vesenið og þú um bókhaldið

Veldu **NAV** í áskrift



Enginn rekstur og viðhald á kerfi



Sveigjanleg áskrift



Þjónustuborð allan sólarhringinn



Sjálfvirkar uppfærslur og dagleg afritun gagna

Microsoft Dynamics NAV er viðskiptakerfi fyrir stór og meðalstór fyrirtæki í fjölbreyttum rekstri. Nú bjóðum við NAV í áskrift – sem þýðir að fyrirtæki losna við rekstur og viðhald. NAV í áskrift einfaldar umsýslu, sparar tíma, rými og peninga og léttir starfsmönnum lífið.

Allt um NAV ÁSKRIFT á advania.is



advania

Welcome to IT

Seðlabankastjóri segir að málshöfðun hans hafi ekki snúist um launamál heldur sé angi af stærra máli:

Snerist um sjálfstæði bankans segir Már

EFNAHAGSMÁL Már Guðmundsson seðlabankastjóri segir að það hafi varðað sjálfstæði Seðlabankans að fá úr því skorið fyrir dómstólum hvort Kjararáð gæti lækkað laun hans. Þetta kom fram í viðtali við Má í útvarpsþættinum Sprengisandi í gær. Már vildi ekki una því að Kjararáð lækkaði laun hans eftir að hann var skipaður í embætti. Seðlabankinn greiddi málskostnað Má vegna málsins sem tapaðist á báðum dómstigum.

„Þetta snýst ekki um launamál,

þetta er miklu stærra en það,“ sagði Már í þættinum. „Þetta snýst um hvernig er rétt staðið við samninga og þetta snýst um sjálfstæði Seðlabankans og embættisstöðu seðlabankastjóra.“

Héraðsdómur taldi að Kjararáði hefði verið heimilt að lækka laun Má og segist hann þá hafa ákveðið að halda ekki áfram með málið nema hann fengi til þess atbeina frá bankanum. Már segir að formaður bankaráðs, sem á þeim tíma var

Lára Júlíusdóttir, hafi talið nauðsynlegt að fá niðurstöðu í málið og því hafi bankinn greitt málskostnað hans.

„Þá var ég búinn að ákveða það að halda ekki áfram með málið nema ég fengi til þess einhvern atbeina frá bankanum. Ég hefði hætt, ég hefði ekki farið áfram og þá hefði niðurstaða ekki komið í málið og formaður bankaráðs, að mínu viti, taldi það réttilega að það væri mikið hagsmunamál fyrir bankann að fá þetta klárt,“ sagði Már. -jme



LAUNADEILA Már segist ekki hafa ætlað að áfrýja launadeilu við Seðlabankann nema hann fengi til þess atbeina frá bankanum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Jarðskjálftar við Krýsuvík: Stærsti skjálftinn um 2,8


NÁTTÚRUFAR Jarðskjálftahrina varð á Krýsuvíkursvæðinu í gær. Stærsti skjálftinn varð á áttunda tímanum í gærmorgun og mældist um 2,8 að stærð. Upptök hans voru sunnarlega í Kleifarvatni og austan við Krýsuvík á Reykjaneskaga.

Nokkrir fundu fyrir skjálftanum og bárust tvær tilkynningar frá Hafnarfirði hans vegna. Á þriðja tug eftirskjálfta urðu á svæðinu en þeir voru allir innan við tvo að stærð. -jme

Undirbýr hátíð lita á Indlandi



SIGTAR LITINN Indverskur verkamaður sigtar litað duft, sem kallað er gulal. Það verður notað á Holi-vorhátíðinni sem hefst um miðjan mánuðinn. Hátíðin er gjarnan kölluð hátíð lita þar sem hefð er fyrir því að fólk hendi lituðu dufti hvert á annað. NORDICPHOTOS/AFP



HÓTEL VIÐ SKÓGAFOSS Nýtt hótel við Skógá verður að mestu á einni hæð en nær þó að hluta tveimur hæðum. Dökki kassinn á myndinni sýnir ekki útlit hótelsins heldur aðeins staðsetningu og umfang þess. MYND/FINNUR KRISTINSSON

Telja risahótel geta skyggt á Skógafoss

Meirihluti fulltrúa sat hjá þegar skipulagsnefnd Rangárþings eystra samþykkti að kynna deiliskipulag sem gerir kleift að reisa um 300 manna hótel við Skógafoss. Formaður nefndarinnar sagði málið vel undirbúið.

SKIPULAGSMÁL „Okkur finnst þetta dálítið loka aðkomunni fyrir almenning að bílastæðunum við fossinn,“ útskýrir Elvar Eyvindsson, einn þeirra þriggja fulltrúa í skipulagsnefnd Rangárþings ytra sem sátu hjá þegar tveir fulltrúar nefndarinnar samþykktu að auglýsa deiliskipulagsbreytingu fyrir um 300 manna hótel við Skógafoss. „Á Skógum má segja að orðið hafi ákveðið skipulagslys sem erfið er að taka til baka, en við teljum að óþarfi sé að bæta í það frekar,“ sögðu fulltrúarnir þrír. Elvar Eyvindsson undirstrikar að gæta þurfi að sjónlínunni að Skógafossi. „Það þarf að hugsa málið vel.“



ELVAR EYVINDSSON

Að baki hótelinu standa Reykjavík Backpackers, sem rekur farfuglaheimili í Reykjavík og á Akureyri, Nitur ehf., ferðaþjónustufyrirtækið Arctic Adventures og fleiri fjárfestar. Meðal þeirra mun vera Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings. Fram kom í DV um miðjan desember að Hreiðar hygðist flytja inn til landsins 500 milljónir króna í gegn um svokallaða fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands.

Hótelid á að standa í landi Ytri-Skóga, við Skógá og rétt neðan við Skógafoss. „Við sjáum mjög mikla möguleika á þessu svæði og sóttum um þessa lóð með það í huga að vera með gistirými, veitingarekstur og þjónustu við ferðamenn,“ segir Björk Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Reykjavík Backpackers.

„Viðast hvar í heiminum er þróunin sú að þjónusta og mannvirki eru sett fjær náttúruperlum en við höfum gert. Er það gert til að þær



„Við munum gera þetta af mikilli virðingu fyrir þessu fallega svæði.“

Björk Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Reykjavík Backpackers

njóti sín sem allra best í ósnortnu umhverfi, en ósnortin náttúra er aðalmerki okkar,“ bókðu fulltrúarnir þrír í skipulagsnefnd sem vildu að málinu yrði frestað en lögðu þó til sem málamiðlun að hótelið mætti reisa sunnan við félagsheimilið Fossbúð sem stendur um 50 metrum austur og fjær Skógá en áætluð hótelbygging. Einnig að efnt yrði til samkeppni um skipulag á Skógum.

Guðlaug Ósk Svansdóttir, formaður skipulagsnefndar, sagði undirbúning fyrir skipulagið hafa verið góðan. Unnið hafi verið að því að finna farsæla lausn og leiðir til að taka vel á móti ferðamönnum ásamt því að gæta að umhverfi og ásýnd svæðisins.

„Vert er að geta þess að ekki er verið að úthluta lóðum í Skógum en það er hlutverk landeigenda sem eru héraðsnefndir Rangæinga og V-Skaftfellinga,“ bókaði Guðlaug.

Ákvörðun skipulagsnefndarinnar um að setja málið í kynningu var síðan samþykkt í sveitarstjórn. Björk segist taka ákvörðuninni fagnandi. Fyrir liggja að hótelið verði að mestu á einni hæð og að hluta til á tveimur hæðum. Nú taki við frekari útfærsla. „Við munum gera þetta af mikilli virðingu fyrir þessu fallega svæði og teljum að þetta geti verið því til framdráttar, meiri þjónusta dregur að sér fleira fólk,“ segir hún. gar@frettabladid.is

Yuasa rafgeymar

Stærsti rafgeymaframleiðandi í heiminum



Frí rafgeymaprófun



Kópavogur

Samtind-Bílastál

Askalind 3 · 200 Kópavogur
Sími 564 4632

Knastás

Skemmuvegi 4 · 200 Kópavogur
Sími 557 7840

Bilvík ehf.

Smiðjuvegi 4E · 200 Kópavogur
Sími 661 7062

Bifreiðaverkstæði Toppur

Skemmuvegi 34 · 200 Kópavogur
Sími 557 9711

Bilaverkstæði Kjartan og Þorgeirs

Smiðjuvegi 48 · 200 Kópavogur
Sími 567 0060



Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is



Nicorette fruitmint

Mjúkt, bragðbætt nikótínlyfjatyggi



Auk þess að innihalda nikótín er Nicorette fruitmint bragðbætt með ávaxta- og mintubragði

Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

nicorette auðveldar þér að hætta að reykja

Nicorette lyfjatyggi 2 og 4 mg (inniheldur nikótín) er notað til meðferðar við tobaksfíkn. Það dregur úr nikótínþörf og fráhrarfeinkennum og auðveldar reykjagámönnum að draga úr eða venja sig af tobaki. **Skammtar:** Börn yngri en 15 ára mega ekki nota lyfjatyggi. Fullorðnir: eitt lyfjatyggi við reykjapörf. Nota má lyfjatyggi eitt og sér eða samtímis Nicorette Invisi forðaplástri. Skammta skal ákveða út frá hve háður nikótíni viðkomandi er en hámarksdagsskammtur er 24 stk. Mælt er með 2 mg lyfjatyggi fyrir þá sem eru lituð háður nikótíni en 4 mg fyrir þá sem hafa mikla nikótínþörf eða hefur ekki tekist að hætta með notkun 2 mg lyfjatyggi. Tyggið hægt og látið lyfjatyggi liggja í munnum þess á milli. Ekki er ráðlagt að nota Nicorette lengur en í eitt ár. Einstaka aðilar geta purft meðferðar í lengri tíma og er hugsanleg áhætta við langtímanotkun umtalsvert minni en áhætta af að reykja. Ráðgjöf og leiðsögn eykur venjulega líkur á því að fólki takist að hætta. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefna. **Varnaðarorð:** Reykingafólk með nýlegt hjartadrep, óstöðuga eða versnandi hjartaöng (þ.m.t. Prinzmetal), alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða sem hefur nýlega fengið heilablóðfall skulu einungis nota Nicorette undir nákvæmu eftirliti læknis. Gæta skal varúðar við notkun Nicorette hjá sjúklingum sem hafa nýlega farið í kransæðahjúfaáæðing og aðrar æðaaðgerðir eða eru með: alvarlegan háþrýsting, stöðuga hjartaöng, hjartabilun, æðasjúkdóm í heila, teppusjúkdóm í slagæðum útlima, sykursýki, ómeðhöndlað skjaldvakaóhöf, krömfiklaæxli, skerta lífrar- eða nýrnastarfsemi, bólgur í vélinda, munni eða koki, magabólga eða virkt skeifugarnar- eða magasár. Lyfjatyggi getur átt til að festast við gerfitennur og í mjög sjaldgæfum tilfellum skemmt þær. Nicorette inniheldur bütýlhýdroxytöluen, sem getur valdið ertingu í slimhúðum, og xýllitol, sem getur haft hægðalosandi áhrif. Nicorette Classic inniheldur sorbitól og skulu þeir sem eru með fruktósaþöf ekki nota það. **Aðgát í návist barna:** Ráðlaðir skammtar nikótíns fyrir fullorðna geta valdið alvarlegum eitrunareinkennum og verið barvarnir ungunum börnum. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá og fleygið notuðu tyggi þar sem börn ná ekki til. **Meðganga og brjóstgjöf:** Eingöngu skal nota lyfjatyggi og samræði við heilbrigðisstarfsfólk. Nikótín berst yfir fylgju og hefur áhrif á hjartsláttartíðni og öndun fóstursins/nýburans. Nikótín berst í brjóstamjólk í magni sem getur haft áhrif á brjóstmylking. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfshafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.

IS/NIC/2014-12-F-2





KOSIÐ Hátíðlegt var um að litast á kjör- dag, en niðurstöður kosninganna voru ljósar löngu áður en kjörstaðir opnuðu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kosningar í Norður-Kóreu: Kjörsókn nærri 100 prósent

NORDUR-KÓREA, AP Landsmenn í Norður-Kóreu flyktust á kjörstaði í gær til að samþykkja kjör þingmanna á þjóðþing landsins. Þingið er að nafninu til valdamesta stofnun landsins, en hefur í raun engin völd.

Þetta eru fyrstu kosningarnar eftir að Kim Jong Un tók við völdum, en síðast var kosið í mars 2009. Kjósendur fengu ekki að velja frambjóðendur, heldur fengu þeir kjörseðil með einum frambjóðanda og voru spurdir hvort þeir vildu staðfesta kjör viðkomandi. Svo til allir merktu við „já“ á kjörseðlinum.

Kjörsókn nálgast 100 prósent, enda eru kosningarnar notaðar af stjórnvöldum til að herða á eftirliti með borgurinum.

- bj

Kajakræðari í vanda úti á sjó: Missti ár og rak hratt til hafs

BJÖRGUN Fiskibátur bjargaði í gær kajakræðara sem hafði misst árinu og rak hratt til hafs. Síðdegis barst tilkynning um kajakræðara í vanda. Sá var staddur um 600 metra suður af smábáthöfninni við Suðurströnd á Seltjarnarnesi. Björgunarsveitin Ársæll var kölluð út og nærstaddir fiskibátar beðnir um aðstoð. Einn þeirra var fyrstur á staðinn og bjargaði ræðaranum.

Í sömu andrá kom björgunarbáturinn Gróa P á svæðið og flutti manninn í land. Hann sakaði ekki.

- jme

STAÐSETTU SKIPSFLAK Argentína

Fornleifafræðingar í Argentínu hafa staðsett skip sem sökk við strendur landsins árið 1765. Skipið er elst tólf skipa sem fundust við Eldhöfða. Skipið er verslunarskip frá Spáni og bar nafnið La Purísima Concepcion.

NOREGUR

Fundu olíu og gas

Færeysk-skoska olúfélagið Faroe Petroleum tilkynnti fyrir helgi að fundist hefði olía og gas á Píl-svæðinu undan Prændalögum í Noregshafi. Hlutabréf í félaginu ruku upp um nærri 15% við tilkynninguna en stærð auðlindarinnar er áætluð milli 20 og 50 milljónir olíutunna.

Ríkið krafðist lögbanns á fyrirhugaða gjaldtöku af ferðamönnum við Geysi:

Fresta því að rukka ferðamenn

FERÐAMENN Landeigendafélag Geysis hefur ákveðið að fresta gjaldtöku af ferðamönnum, sem átti að hefjast í dag vegna yfirvofandi lögbannskröfu ríkisins, sem á hluta af landinu á mótí félögum í landeigendafélaginu.

Í tilkynningu frá landeigendafélaginu segir að Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra hafi lagt fram lögbannskröfu síðastliðinn föstudag. Þar er þess krafist að landeigendafélaginu verði bannað að innheimta gjald af ferðamön-

um sem vilja fara um svæðið. Landeigendur segja að þeir hafi án árangurs reynt að fá fund með Bjarna um gjaldtöku með það að markmiði að vernda og byggja upp land á Geysissvæðinu.

Þeir vara við því að forða þurfi svæðinu frá yfirvofandi, varanlegum og óafturkræfum skemmdum. Um 6.000 manns heimsækja svæðið á dag þegar ásóknin er mest. Landeigendur segja að vernda verði svæðið og gjaldtaka sé forsenda þess að það sé hægt.

- bj



Í HAUKADAL Um 6.000 ferðamenn heimsækja Geysissvæðið á dag þegar ásóknin er hvað mest.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sækja um einkaleyfi: 700 umsóknir á sólarhring

TÆKNI Svisslendingar senda flestar einkaleyfisumsóknir til Evrópsku einkaleyfastofnunarinnar, EPO, miðað við fólksfjölda. Í öðru sæti eru Svíar.

Í fyrra komu 700 einkaleyfisumsóknir til stofnunarinnar á hverjum sólarhring. Í frétt á vef sænska ríkisútvarpsins segir að flestar séu frá stórfyrirtækjum og snúist um tækni innan fjar-skipta, lækninga, tölvuiðnaðar og orkumála.

- ibs

Réttlaus eftir búsetu erlendis

Yfir þúsund Íslendingar búa við skertar örorkubætur því þeir eru eða hafa verið búsettir erlendis. Þar af búa rúmlega sjö hundruð manns á Íslandi og fer fjölgandi. Stór hluti er með 150.000 krónur eða minna í heildartekjur á mánuði. Fjölmargir þurfa að treysta á félagslega aðstoð sveitarfélaga eða maka til að framfleyta sér.

→ Lægri greiðslur vegna búsetu

- 1.026 manns fengu lægri örorkugreiðslur vegna búsetu erlendis árið 2013
- 782 þeirra sem fengu lægri greiðslur bjuggu á Íslandi árið 2013
- 579 manns af 968 fengu engar greiðslur frá hinu ríkinu árið 2012
- 289 manns voru með 150.000 krónur eða minna í heildartekjur árið 2012

hamlaður verður maður að eiga bíl. Hann gleypir meiripartinn af framfærslunni.

Árið 2012 voru tæplega þrjú hundruð manns með innan við 150.000 krónur í heildartekjur vegna skerttra bóta. Samkvæmt framfærsluviðmiði Tryggingastofnunar eiga einstæðingar ekki að hafa undir 210.922 krónum á mánuði í tekjur, en aðrir ekki undir 181.769 krónum.

Heildartekjur taka einnig til fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga, sem jafnan er eina úrræði einstaklinga til lengri tíma. Fjárhagsaðstoðin er tengd tekjum maka og skerðist því í samræmi við þær.

eva@frettabladid.is



FLUTNINGUR MILLI LANDA Réttindi á borð við örorku- og ellilífeyri flytjast ekki endilega milli ríkja, þrátt fyrir samkomulag þar um.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ættum að njóta sömu réttinda óháð búsetu



„Í frjálstri för launafólks á að felast að þú sért alltaf jafnsettur eins og þú hafir verið að vinna í sama landi. Á milli Norðurlandanna eru jafnframt samstarfssamningar sem ganga út frá því að þú njóttir sömu réttinda, hvort sem þú hefur búið í einu Norðurlandanna eða fleirum,“ segir Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastýra Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Örorkulífeyrisþegar hafa í auknum mæli leitað til Öryrkjabandalagsins, réttindagæslumanna fatlaðra, Halló Norðurlanda og sveitarfélaganna vegna skerttra örorkugreiðsla. Þessir aðilar, auk Mannréttindaskrifstofu Íslands, hafa því tekið höndum saman.

„Við höfum reynt að aðstoða þá sem eru í þessari stöðu að nýta úrræðin sem eru í boði, en við höfum líka vakið athygli stjórnvalda á málinu því hópurinn fer bara stækkanandi,“ segir Margrét, sem segir þau hafa bent á að eðlilegt væri að íslenska ríkið bætti einstaklingum upp tekjutapið á meðan þeir fá ekki greiddar bætur frá hinu ríkinu.

Forvitnileg tölfræði, sem varpar ljósi á ólíka stöðu karla og kvenna, frá mannréttindaráði borgarinnar:

Helmingi fleiri karlar en konur í meðferð

SAMFÉLAG Karlar eru ráðandi í stjórnun fjölmiðla og eru íþróttafréttir nær eingöngu fluttar af körlum enda hallaði verulega á umfjöllun um konur þegar umfjöllun fjölmiðla um Ólympíuleikana var skoðuð í síðasta mánuði. Konur eru þó fleiri þegar horft er til ritstjóra viku- og tímarita.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í Kynlegum tölum sem gefnar eru út í fjórða sinn á vegum mannréttindaskrifstofu og mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna fyrir friði og jafnrétti.

Í bæklingnum er forvitnileg tölfræði sem varpar ljósi á ólíka stöðu karla og kvenna eins og hún birtist á ýmsan hátt í borginni og á landinu.

Dæmi um slíka tölfræði er að stærsti hluti viðtakenda fjárhagsaðstoðar í Reykjavíkurborg eru einhleypir, barnlausir karlar en næststærsti hópurinn er einstæðar mæður en þær eru þó meira en helmingi færri. Fast á hæla einstæðu mæðranna koma einhleypar konur og fæstir koma úr hópi einstæðra feðra sem þiggja fjárhagsaðstoð.

Einnig kemur fram að meira en helmingi fleiri karlmenn en konur fóru í áfengismeðferð hjá SÁÁ árið 2013 og að konur sem búa við örorku vegna stoðkerfisjúkdóma eru næstum þrisvar sinnum fleiri en karlar.

Ef litid er til ófrjósemisaðgerða kemur í ljós að á síðasta ári fóru fjórum sinnum fleiri karlar



í ófrjósemisaðgerð en konur, eða 483 karlar á mótí 123 konum. Árið 1982 var sagan önnur en þá

fór 581 kona í ófrjósemisaðgerð en einungis 37 karlar.

- ebg

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

S A F I T

Krafa í Svíþjóð um lagabreytingu til að foreldrar komi ekki í veg fyrir að börn beri vitni í dómsmálum gegn foreldrum sínum:

Vilja að ekki verði hægt að þagga niður í börnum

SVÍÞJÓÐ Jafnaðarmenn í Svíþjóð þrýsta nú á ríkisstjórnina um að breyta lögum um vitnisburð. Lögmennt og saksóknarar segja það vandamál að foreldrar sem eru ákærðir geti komið í veg fyrir að börn þeirra, sem ekki eru málsaðilar, geti borið vitni gegn þeim. Sé barnið mjög ungt ákveður forráðamaður þess hvort það ber vitni, að því er segir í frétt á vef Dagens Nyheter.

Þar hefur verið greint frá mörgum tilvikum þar sem foreldri,

sem hefur beitt systkini barnsins ofbeldi, hefur getað komist hjá refsingu með því að koma í veg fyrir vitnisburð barnsins. Samtök um réttindi barna í Svíþjóð, Bris, gagnrýna í skýrslu til Sameinuðu þjóðanna hvernig hægt er að þagga niður í röddum barna í réttarsal.

Frankvæmdastjóri Bris, Kattis Ahlström, segir það ofbeldi í sjálfu sér að koma í veg fyrir að barn vitni gegn foreldri sem hefur misþyrmt fjölskyldumeðlim. Börn

frá heimilum þar sem ofbeldi er beitt lifi undir gríðarlegum þrýstingi. Mikið þurfi að koma til svo að þau þori að bera vitni. Sé komið í veg fyrir það margfaldist skaðinn.

Umboðsmaður barna á Íslandi, Margrét María Sigurðardóttur, tekur undir að það geti verið erfitt fyrir barn sem verður vitni að ofbeldi á heimili sínu að bera vitni gegn foreldri. Æskilegt sé að skipa þeim börnum sérstakan réttargæslumann.

„Barni er heimilt að bera vitni ef það vill það. Að sjálfsgöðu er alltaf hætt á því að barn verði fyrir þrýstingi frá foreldrum um að bera ekki vitni í málum sem varða heimilisofbeldi. Þrýstingurinn getur þó líka verið í hina áttina. Börn geta því lent í mikilli tryggðarklemmu við þessar aðstæður, þar sem þeim þykir vænt um foreldra sína. Er því mikilvægast í þessum málum, eins og öðrum, að hafa að leiðarljósi það sem er barninu fyrir bestu,“ segir Margrét.



Í BARNAHÚSI 120 af 296 börnum, sem urðu vitni að heimilisofbeldi í tengslum við útköll lögreglu frá miðjum september 2011 til maíloka 2013, fengu áfallameðferð.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL



VESTMANNAEYJAR Fulltrúi kennara í fræðsluráði vildi fá greitt úr bæjarsjóði.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Ólaunaður áheyrnarfulltrúi: Fær ekki greitt fyrir fundina

SVEITASTJÓRNIR Áheyrnarfulltrúi kennara í fræðslu- og menningarráði Vestmannaeyja fær ekki greitt úr bæjarsjóði fyrir fundarsetuna.

Bæjarráð segir misskilnings gæta hjá kennaranum. Það standist ekki skoðun að mati lögmanns Sambands íslenskra sveitarfélaga. „Í álitum hans kemur fram að það sé engum vafa undirorpið að fulltrúar kennara eru valdir af kennurum til þess að sitja fundi fræðsluráðs fyrir þeirra hönd og teljast ekki kjörnir fulltrúar í skilningi tilgreindra laga.“

- gar



NEIKVÆTT Á eftir bönkunum reyndist Vodafone vera fyrirtækið sem flestir voru neikvæðir gagnvart.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Listi Frjálsrar verslunar:

Bónus vinsælasta fyrirtækið

VERSLUN Bónus hreppir efsta sætið á lista Frjálsrar verslunar yfir vinsælustu fyrirtæki landsins. Stoðtækjaframleiðandinn Óssur dettur niður í annað sætið eftir fjögur ár á toppnum.

Könnun Frjálsrar verslunar var gerð í síðasta mánuði og af 800 aðspurðum nefndu fimmtán prósent Bónus sem fyrirtæki sem þeir hefðu jákvætt viðhorf til.

Rúmlega níu prósent aðspurðra nefndu Óssur, Icelandair varð í þriðja sæti, Marel í því fjórða og Hagkaup og Krónan jöfn í fimmta og sjötta sæti listans.

Flestir nefndu viðskiptabankana spurðir um fyrirtæki sem þeir hefðu neikvætt viðhorf til.

- bá

BANDARÍKIN

Prír drepnir í árás

Maður vopnaður byssu skaut þrjá til bana á nærurklúbba í norðurhluta Ohio í Bandaríkjunum snemma í gærmorgun. Einn er illa haldinn á sjúkrahúsi. Að minnsta kosti fjórum skotum var hleypt af. Allir þeir sem létust voru á þritugsaldri.



Rúmfatnaður fyrir hótél og sjúkrastofnanir

Vandaður rúmfatnaður 100% cotton satin með 300TH. 60/60µ.

Sterk og endingargóð teygjulök, 100% cotton satin með 300TH.

Gæða handklæði 500 gsm.

Góðar sængur sem má þvo við 95° hita.

Dýnuhlífar, þola þvott við 95°, rakaheldnar.



Hágæða þýskar gorma- eða kaldsvamps dýnur (5 ára guaranty)

Hvítir baðsloppar

EG HEILD EHF

Stórhöfði 17 • 110 Reykjavík • Sími 5877685 • Netfang: eg.heild@simnet.is • www.egheild.is

Hraðfrystihúsið Gunnvör: Vilja hefja eldi á regnbogasilungi

BYGGÐAMÁL Hraðfrystihúsið Gunnvör í Hnífsdal, hefur sótt um leyfi til að hefja eldi regnbogasilungs í Ísafjarðardjúpi eftir margra ára bið eftir leyfi til laxeldis.

HG hefur stundað þorskelði í Ísafjarðardjúpi um tólf ára skeið. Eftir þá reynslu telja þeir að framtíðin liggja fremur í eldi laxfiska. Kristján Jóakimsson, verkefnisstjóri fiskeldis hjá HG, segir að hægt hafi gengið að fá niðurstöðu vegna umsóknar um leyfi fyrir eldi laxfiska.

- kmu

Sex voru sendir á spítala eftir hrottalega hnífaárás á fólk sem tók þátt í baráttugöngu kvenna: Nýnasistar réðust á femínista í Malmö

SVÍPJÓÐ Sex manns voru fluttir á sjúkrahús eftir hnífaárás í Malmö aðfaranótt sunnudags. Þrír hafa verið handteknir vegna málsins og eru þeir samkvæmt upplýsingum sænsku lögreglunnar yfirlýstir nasistar. Aftonbladet fjallar um málið.

Á laugardagskvöld var skipulögð ganga til að mótmæla ofbeldi karla gegn konum á alþjóðlegum baráttudegi kvenna. Um tvö hundruð voru í göngunni, sem skipulögð er af femínistum í borginni ár hvert.

Gangan fór að mestu leyti friðsamlega fram en rétt eftir að henni lauk var ráðist á sexmenningana sem höfðu verið í göngunni. Haft er eftir sjónarvottum að ekki hafi verið um slagsmál að ræða heldur hrottalegt ofbeldi af hálfu árásmannanna. Einn þeirra sem ráðist var á fékk lífshættulega áverka og var líðan hans enn óstöðug í gær.

Þrír menn hafa verið handteknir grunaðir um tilraun til manndraps. Tveir menn voru handteknir strax um nóttina og í gær var sá

þriðji handtekinn. Lögreglan rannsakar nú málið og tekur skýrslu af sjónarvottum. Hún gefur því ekki upp miklar upplýsingar að svo stöddu fyrir utan að talið er að árásin hafi verið skipulögð af meðlimum í nasistahreyfingu.

Árásin í Malmö hefur vakið hörð viðbrögð í Svíþjóð. Þúsundir söfnuðust saman í Möllevangstorginu í Malmö í gær, sem og öðrum borgum Svíþjóðar, til að mótmæla árásinni og sýna fórnarlömbunum stuðning í verki.

- ebg



SÆNSKA LÖGREGLAN Unnið er að rannsókn málsins og hafa þrír verið handteknir. Lögreglan segir mennina tilheyrja nasistahreyfingu. NORDICPHOTOS/AFP

Farsóttir herja á milljónir barna eftir þriggja ára stríð í Sýrlandi

Í skýrslu samtakanna Barnaheilla kemur fram að farsóttir herja á milljónir barna í Sýrlandi. Heilbrigðiskerfið hefur hrunið og fjöldi barna hefur látið lífið. Dæmi eru um að börn séu aflímuð vegna skorts á tækjum og lyfjum. Nýburar deyja í hitakössum þegar rafmagnið fer.

SÝRLAND Heilbrigðisstarfsfólk í Sýrlandi hefur þurft að beita óhefðbundnum og sársaukafullum lækningaraðferðum vegna þess hve laskað heilbrigðiskerfið er orðið í landinu.

Farsóttir herja á milljónir barna sem eru óvarin gegn margs konar lífshættulegum sjúkdómum. Þetta kemur fram í nýrri, svartri skýrslu samtakanna Barnaheilla – Save the Children þar sem fjallað er um áhrif borgarastyrjaldarinnar í Sýrlandi undanfarnir þrjú ár á heilsu barna.

Skýrslan varpar ljósi á hrun heilbrigðiskerfisins í landinu og afleiðingum þess. Börn deyja ekki einungis af sárum sínum vegna átakanna, heldur einnig vegna sjúkdóma sem áður hefði verið hægt að meðhöndla eða koma í veg fyrir, að því er kemur fram í tilkynningu frá Barnaheillum.

„Heilbrigðiskerfið er hrunið til grunna með þeim skelfilegu afleiðingum að ekki er lengur hægt að hjálpa fólki í neyð hvort sem er um sært fólk vegna átaka eða sjúklunga sem undir venjulegum kringumstæðum væri einfalt að hjúkra og lækna,“ segir Erla Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla – Save the Children á Íslandi.

„Dæmi eru um að börn eru aflímuð vegna skorts á viðeigandi tækjum eða lyfjum, nýburar deyja í hitakössum því rafmagn er ótraust og börn farin að deyja úr smitsjúkdómum sem áður voru í lágmarki í landinu,“ segir Erla.

Hún óttast að Íslendingar eins og aðrir séu orðnir að einhverju leyti ónæmir fyrir fréttaflutningi af skelfingarástandinu í Sýrlandi eftir að stríðið hefur staðið í þrjú ár.

Aðferðirnar sífellt skelfilegri

„Börn innan Sýrlands búa við grófar og frumstæðar aðstæður. Að finna lækni með nauðsynleg tæki og lyf fyrir viðeigandi meðferð er nánast óhugsandi. Þær örvæntingarfullu aðferðir sem heilbrigðisstarfsfólk neyðist til að grípa til, til að halda lífi í börnum eru sífellt skelfilegri,“ segir Roger Hearn, svæðisstjóri Save the Children.

Helstu áhyggjur í heilbrigðisgeiranum snúa að sjúkdómsfaröldrum á borð við lómunarveiki og mislinga, sem koma sífellt upp upp aftur og geta valdið varanlegum lemstrunum, lómum og jafnvel dauða. Allt að áttatíu þúsund börn eru talin smitun af alvarlegustu tegund lómunarveiki án þess að vita af því og sjúkdómurinn smitast þannig óhindrað áfram.

Tvö hundruð þúsund Sýrlendingar hafa látist af völdum sjúkdóma sem hægt er að koma í veg fyrir, eins og krabbameini, astma og sykursýki. Þeir sem hafa látist vegna ofbeldisins eru tvöfalt fleiri. Talið er að þúsundir þeirra séu börn. Nú eru sextíu prósent sjúkrahúsa landsins skemmd eða ónýt. Næstum helmingur sýrlenskra lækna hefur flúið land.

Barnaheill krefjast þess að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykki að veita mannúðarsamtökum tafarlausan aðgang inn í landið, og að börn og fjölskyldur þeirra fái aðgang að bólusetningum, mat,



BARN Á SJÚKRAHÚSI Eitt fjölmargra barna sem hafa þurft aðhlyningu á Sýrlandi síðan borgarastyrjöldin braust út fyrir þremur árum. NORDICPHOTOS/GETTY

vatni, lyfjum og lífsnauðsynlegri aðstoð. „Alþjóðasamfélagið hefur brugðist sýrlenskum börnum, þar sem þau eru slösuð og særð og ofær um að nálgast meðferð,“ segir Roger.

Söfnunarsími Barnaheilla á Íslandi vegna Sýrlands er 904 1900 og 904 2900 (fyrir 1.900 og 2.900 krónur). freyr@frettabladid.is

Sjúklingar rotaðir vegna lyfjaskorts

- Börn eru aflímuð vegna þess að lækningastofur eru ekki búnar nauðsynlegum tækjum eða lyfjum.
- Nýburar deyja í hitakössum þegar rafmagn fer af sjúkrahúsum.
- Sjúklingar eru rotaðir með málmkylfum vegna skorts á deyfing og svæfingalyfjum.
- Sjúklingar fá blóðgjöf manna á milli sem stofnar lífi þeirra í hættu.



ERLA REYNISDÓTTIR Erla Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla – Save the Children á Íslandi.

Gracipe hlaut Gulleggið: Ný sýn á netinu

TÆKNI Aðstandendur vefsíðunnar Gracipe – The Graphical Recipe sigruðu í úrslitum frumkvöðla-keppninnar Gulleggið.

Vefsíðan og hugbúnaður Gracipe gerir notendum kleift að skoða mataruppskriftir á nýjan hátt með því að sameina hráefni, aðgerðir og skrif í myndrænni framsetningu, eins og segir í tilkynningu frá skipuleggjanda keppninnar, Klak Innovit. Úrslitin fóru fram í Háskólanum í Reykjavík á laugardag.

- hg

Samstarfshópur um varnir gegn vatnstjóni vill auka fræðslu til almennings um leka, raka og myglu: Vatnstjón eru heimilunum afar dýr

FORVARNIR Samstarfshópur um varnir gegn vatnstjóni hefur verið stofnaður en gríðarlegt eignatjón, mikil óþægindi og jafnvel heilsutjón verður vegna vatnsleka, raka og myglu á íslenskum heimilum ár hvert.

Tryggingafélögin bæta hluta tjónsins en verulegar fjárhæðir lenda á heimilunum, bæði vegna sjálfsábyrgðar en einnig vegna þess að tjónin eru ekki alltaf bótaskyld. Til að mynda voru 134 mál vegna vatnstjóns ekki bótaskyld að nokkru leyti hjá tryggingafélaginu Verði í fyrra.

„Ástæður þess að ekki er um bótaskyldu að ræða geta verið margvíslegar en þumalputtareglan er að þau tjón sem eru bótaskyld, eru tjón vegna vatns sem óvænt og skyndilega streymir fram og á upptök sín innan útvegja og botnplötu vegna bilunar eða mistaka. En tjón sem myndast á löngum tíma er almennt ekki bætt,“ segir Kristmann Lars-

son, deildarstjóri váttryggingasviðs Varðar.

Hann segir tjón vegna utanaðkomandi vatns almennt ekki vera bætt, og eitt algengasta tjónið sem ekki er bætt er þegar hús leka vegna þess að þau eru óþétt af einhverjum ástæðum, og er töluvert um slík tjón á hverju ári.

Samstarfshópurinn telur að mjög megi draga úr þessu tjóni með fræðslu til almennings og aukinni þekkingu og fagmennsku iðnaðarmann. Hópurinn bendir á ýmsar leiðir til að draga úr vatnstjóni. Til að mynda er mælt með að láta löggilta fagmenn ávallt annast pípuálagir og frágang í votrymum, að fólk sinni umhirðu og eftirliti með lögnum og tækjum og að fólk kunni að bregðast rétt við þegar vatnsleki verður.

Að hópnun standa ellefu fyrirtæki, stofnanir og samtök, svo sem tryggingafélög og félög iðnaðarmanna. -ebg



NEMAR Í PÍPULOGNUM Samstarfshópurinn vill auka þekkingu og fagmennsku iðnaðarmanna sem koma að frágangi í votrymum með því að gefa þeim kost á framhaldsmenntun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÝTTU Á ENTER TIL AÐ SÆKJA UM

SPENNANDI TÍMAR – MIKIÐ AÐ GERA – VANTAR FÓLK



Yfirhönnuður með fimm stjörnu fagþekkingu, ástríðu og næmni fyrir árangri í verki. Menntun í grafískri hönnun og 5 ára starfsreynsla skilyrði.

Grafískur hönnuður, líflega metnaðarfullur og hugmyndaríkur með starfsreynslu og framúrskarandi hæfileika.

Texta- og hugmyndasmiður sem er fljúgandi fær í íslensku og getur smíðað skemmtilegar setningar úr litríkum hugmyndum.

Viðskiptastjóri; markaðshugsuður til að leggja á ráðin, kynna markaðsaðgerðir og leiða samstarfsfélaga. Gráða í markaðs- eða viðskiptafræðum æskileg.

Aðstoðarbirtingastjóri, stjórnandi sem hefur vilja til að læra, sjálfstæði til að framkvæma og viðskiptamenntun/þekkingu.

Digital hönnuður, skapandi raflistaverka-meistari sem býr yfir þekkingu og færni til að hanna áhrifaríka hönnunargripi. Menntun í grafískri hönnun nauðsynleg.



H:N MARKAÐSSAMSKIPTI

Nánar á hn.is eða sendið umsókn á atvinna@hn.is

Eru Íslendingar sanntúaðir unnendur ofbeldis?

Sterki víkingurinn gengur aftur

Íslendingar hafa eignast nýja stjórn. Sameiningartákn sem veldur því að skyndilega er hálf þjóðin farin að tala eins og bardagaíþróttir séu eitthvað sem hún þekkir út og inn. Gunnar Nelson er hylltur sem þjóðhetja, víkingurinn þögli sem sigrar andstæðinga sína án nokkurs fums, tákn alls þess besta í íslenski þjóðarsál, lifandi sönnun þess að við séum mest og best, einu sinni enn.

Gunnar er alls góðs maklegur, hefur yfirbragð einbeitts manns sem veit hvert hann stefnir, yfirvegaður, fókusaður og óralangt frá nokkrum stjórnu-stælum, en óhjákvæmilega hlýtur að þurfa að setja spurn-ingarmerki við sálarástand þeirrar þjóðar sem hefur sigur í bardagaíþróttum til marks um það hversu framarlega hún standi í andlegu atgervi. Íþróttin er sannarlega ekki

fögur á að horfa og í augum leikmanns lítur hún út sem hefð-bundin slagsmál á skólalóð í gegnum árin. Slagsmál sem yfirleitt hafa ekki þótt til fyrirmyndar, hvað þá að „sigurvegarinn“ hafi verið hylltur og honum hossað sem fyrirmynd annarra ung-menna. Það er kannski til marks um það andlega gjaldþrot sem þjóðarsálin stendur frammi fyrir að fólki sé slétt sama í hverju við erum best svo framarlega sem við getum bent á að við séum, þrátt fyrir allt, best í einhverju.

Óneitanlega er gott til þess að vita að þjóðin geti sameinast um eitthvað á þessum síðustu róstur tímum þar sem hver höndin er upp á móti annarri og ásakanir um lygar og svik ganga á víxl milli stjórnmalamanna og þjóðarinnar. Hvað það er sem þjóðin sameinast um er kannski aukaatriði þegar horft er til stóra samhengisins. Við höfum alltaf verið veik fyrir mönnum með líkamlegan styrk og staglið um víkinginn sem tákn þjóðarinnar virðist alltaf eiga hljómgrunn. Að vissu leyti má bera saman addáunina á Jóni Páli Sigmarssyni á sínum tíma og Gunnari Nel-syni nú. Þeir eru hinir sterku fulltrúar þjóðarinnar sem sanna fyrir umheiminum að Íslendingar séu engin dusilmenni sem hægt sé að brjóta á bak aftur. Það er hins vegar kannski tímanna tákn að Íslendingar fylki sér að baki bardagahetju á þessum síð-ustu tímum. Jón Páll þurfti nefnilega ekki að stórskada andstæð-inga sína til að bera sigurorð af þeim, það var nóg að hann væri sterkari en þeir. Auðvitað er ekki við Gunnar að sakast þótt sú íþrótt sem hann hefur lagt fyrir sig og staðið sig vel í snúist um það að berja liggjandi menn í höfuðið, en það er eitthvert óbragð af því að honum sé á þeim forsendum hampað sem hetju og góðri fyrirmynd fyrir börnin okkar. Og ekki örgrannt um að hugurinn leiti til tíma Rómverja þar sem athyglin var leidd frá óstjórn og spillingu yfirstéttarinnar með því að bjóða almúganum upp á brauð og leiki. Leiki þar sem barist var þar til sá sem tapaði var dauður. Viljum við þá tíma aftur? Óskum Gunnari til hamingju með að vera með þeim bestu í þeirri íþrótt sem hann hefur valið sér en teljum ekki börnunum okkar trú um að það sé til marks um hreysti og hugþrýði að hafa annan undir í fantabrögðum. Það kann ekki góðri lukku að stýra.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÐLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUÐSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolfpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

FRÁ DEGI TIL DAGS

Frjálslyndur Árni Páll

Samfylkingin er frjálslyndari þegar hún er í stjórnarandstöðu en þegar hún er í stjórn. Þar má minna á að á síðasta kjörtímabili gerðist lítið þegar kom að frjálsum innflutningi á landbúnaðarvörum. Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar sagði í þættinum Sunnudagsmorgunn með Gísla Marteini að flokkur hans vildi leyfa frjálsum innflutning á landbúnaðarvörum. Flokkurinn hefði talað fyrir auknu frelsi á því sviði. Árni Páll sagði að hann vildi tollam-úrana burt.



Hálfgildings afsökun

Eftir að forseti Alþingis hafði kallað Vigdís Hauksdóttur, þingmann Framsóknarflokks, á sinn fund vegna ummæla í Monitor um starfsmenn Alþingis og fjöldi þingmanna hafði lýst furðu sinni á þeim, ritaði hún þingheimi afsökunar-



bréf. Þar bað hún starfsfólk Alþingis afsökunar á þeim óþægindum sem umræðan hafði leitt af sér. Vigdís baðst ekki afsökunar á ummælunum sjálfum. Í bréfinu segir hún að ummælin hafi verið rangtúlkun og kvartar yfir því að enginn fjölmiðill skuli hafa haft samband við hana til að spyrja nánar út í þau. Vísir birti bréf Vigdísar í heild sinni og reyndi að ná í hana til að fá nánari upplýsingar en hafði ekki erindi sem erfiði. Vigdís lét ekki ná í sig til að skýra málið nánar.

HALLDÓR



Heilsuefning er sparnaður til framtíðar

HEILBRIGÐIS-MÁL



Ólafur G. Skúlason formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar segir að efla eigi heilsugæsluna og tryggja sess hennar sem fyrsta viðkomustað sjúklinga í heilbrigðiskerfinu. Þar segir einnig að efla eigi starf á sviði forvarna og lýðheilsu. Þannig megi draga úr beinum og óbeinum kostnaði fyrir samfélagið til framtíðar.

Það skýtur því skökku við þegar í ljós kemur að Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins á að draga saman um 100 milljónir króna á árinu 2014. Mikið hefur verið dregið úr fjárveitingu til heilsugæslu á landinu frá árinu 2009. Farin hefur verið sú leið að halda þjónustunni óbreyttri en í staðinn hefur álag á heilbrigðisstarfsfólk aukist og það látið vinna hraðar og meira til að sinna skjólstæðingum sínum.

Nú er svo komið að gengið hefur verið eins langt og hægt er í hagræðingu. Þessari sparnaðarkröfu sem nú er uppi verður mætt með skerðingu á þjónustu hjúkrunarfræðinga. Skerðingu einmitt á þeim sviðum sem ríkisstjórnin nefnir í stefnuýfirlýsingu sinni. Minnka á ung- og smábarnavernd, mæðraeftirlit og skólahjúkrun. Fækka á stöðugildum

→ Minnka á ung- og smábarnavernd, mæðraeftirlit og skólahjúkrun.

hjúkrunarfræðinga um 7,5 eða samtals 17,5 stöðugildi frá árinu 2008.

Skólahjúkrun er afar mikilvægur hluti heilsugæslu. Þar fer fram mikil fræðsla um forvarnir og heilsuefningu. Aðgangur er að börnum sem eru móttækileg fyrir nýjum hlutum og eru að tileinka sér lífshætti og prófa sig áfram í lífinu. Þarna er tækifæri til að sá fræjum í huga þeirra þess efnis að heilsan skiptir máli. Með því að hvetja þau til heilbrigðara lífnis, fræða þau um sjúkdóma, greina vandamálín áður en þau verða stórvægileg og veita þeim sálfélagslegan stuðning má spara í heilbrigðiskerfinu til langframa. Hjúkrunarfræðingar vinna þarna að eflingu heilbrigðis og hafa þannig áhrif á heilbrigði þjóðarinnar til framtíðar.

Við skulum ekki spara eyrinn og kasta krónunni. Við verðum að horfa fram á veginn og tryggja það að heilsuefning, eftirlit og forvarnir haldi sessi. Heilbrigði þjóðarinnar er í húfi.

Einelti samkvæmt ráðgjöf

Eins og fram kom í fjölmöldum á liðnu ári var í nóvember fjölðauppsögn hjá Ríkisútvarpinu þar sem tugum starfsmanna var sagt upp. Í þessari grein ætla ég ekki að fjalla um uppsagnirnar sjálfar, heldur um aðferðina sem beitt var við þær. Þessi grein fjallar ekki heldur sérstaklega um Ríkisútvarpið þó að hún sé byggð á atburðum sem þar gerðust, hún fjallar um óheillavænlega þróun sem hefur

RÚV



Una Margrét Jónsdóttir dagskrárgerðarmaður

átt sér stað undanfarin ár í mörgum fyrirtækjum.

Í þessari fjölðauppsögn var flestum starfsmönnum sagt upp á þann hátt að þeim var meinað að vinna uppsagnarfrest, þótt sumir þeirra vildu það, og óskað var eftir því að þeir hefðu sig sem fyrst út úr húsinu. Í uppsagnarbréfinu stóð „Viðveru á vinnustað lýkur þegar“ og látin voru falla orð eins og „Nærveru þinnar er ekki óskað“. Og þegar

þessir starfsmenn komu að skrifborði sínu til að taka saman dótið sitt var búið að loka á tölvupóst þeirra og tölvugögn. Margir misstu þarna netföng og önnur gögn sem hefði getað komið þeim vel að eiga síðar.

Einn dagskrárgerðarmaður hafði verið með framhaldssögu í þáttum sínum sem aðeins tveir lestrar voru eftir af. Hún fór fram á að fá að ljúka við söguna, hlustenda vegna, en því var ekki við komandi. Framkoman var, með öðrum orðum, eins og fólk hefði brotið eitthvað af sér þótt

ekki væri um neitt slíkt að ræða, þvert á móti áttu margir starfsmennirnir að baki áratuga farsælt starf hjá fyrirtækinu.

Þegar við grennsluðumst fyrir um það hjá stéttarfélaginu hvort slík framkoma væri lögleg komumst við að því að hér var ekki um einangrað tilvik að ræða. Við fengum að vita hjá BHM og víðar að þessi aðferð hefði færst mjög í vöxt eftir hrun og væri æftar notuð, bæði hjá einkafyrirtækjum og ríkisstofnunum. Sumstaðar væru jafnvel öryggisverðir látnir fylgja fólki út!

→ Í uppsagnarbréfinu stóð „Viðveru á vinnustað lýkur þegar“ og látin voru falla orð eins og „Nærveru þinnar er ekki óskað“. Og þegar þessir starfsmenn komu að skrifborði sínu til að taka saman dótið sitt var búið að loka á tölvupóst þeirra og tölvugögn.

Nú spyr ég: Hvers vegna?

Við höfum reynt að spyrja þá sem stóðu að uppsögnunum hjá RÚV þessarar spurningar. Svörin sem við fengum voru þau að þetta hefði verið samkvæmt ráðgjöf færustu sérfræðinga. Fyrir nokkru spurði ég hverjir þessir sérfræðingar hefðu verið, en mannauðsstjóri RÚV þverneitaði að segja mér það.

Eins og sakamenn

Ég hef talað við marga af þeim sem sagt var upp. Langflestir segja að aðferðin sem beitt var hafi haft afar neikvæð áhrif á sig, sumir segja jafnvel að aðferðin hafi sært sig meir en uppsögnin sjálf. Enda geta menn ímyndað sér hvernig það er fyrir starfsmann sem hefur starfað með trúmennsku í áratugi að fá það allt í einu framán í sig að hann sé óæskileg persóna í augum fyrirtækisins. Fólk lýsti upplifun sinni af aðferðinni með orðum eins og: „ruddalegt“, „niðurlægjandi“, „vegðign gegn starfsheildri mínum“, „eins og þegar fátæklingar unnu á eyrinni“, „get ekki hugsað mér að koma þar aftur inn fyrir dyr.“ Hjá Fræðagarði hef ég fengið staðfest að fleiri en starfsmenn RÚV séu óánægðir með þessa uppsagnaraðferð, fólk sem missti vinnu á þennan hátt hjá öðrum fyrirtækjum hafi kvartað og finnst komið fram við sig eins og sakamenn.

Nú geri ég mér ljóst að hjá sumum fyrirtækjum getur verið um viðkvæm gögn að ræða sem hættu er á að berist út úr fyrirtækinu og þess vegna ill nauðsyn að nota þessa aðferð. Slíku gæti maður sýnt skilning. En hjá RÚV var yfirlætt ekki um neitt slíkt að ræða og þær upplýsingar sem ég hef fengið benda til þess að aðferðin sé notuð hjá fleiri fyrirtækjum án þess að ástæða sé til.

Afturhvarf

Að slík aðferð skuli vera að ryðja sér til rúms á 21. öld finnst mér vera með ólíkindum. Þetta er afturhvarf til þeirra tíma þegar yfirmenn gátu komið fram við almennt starfsfólk eins og þeim sýndist og sýnt því lítillsvirðingu og yfirlætti. Það er undarlegt að þessi aðferð skuli færast í vöxt á sama tíma og mikili er talað um nauðsyn þess að útrýma einelti því ég get ekki betur séð en að hér sé um að ræða einelti samkvæmt ráðgjöf.

Að koma fram við ákveðinn hóp starfsmanna eins og annars flokks manneskjur, hvað er það annað en einelti? Og furðulegt er líka að þetta skuli færast í vöxt á sama tíma og mannauðsstjórum fjölgar því það starfsheiti virðist benda til þess að starfsfólkið eigi að vera stjórnendum mikils virði. En kannski eru sumir stjórnendur fremur farnir að líta á starfsfólkið sem „auð“ en „menn“.

Uppsagnirnar hjá RÚV eru um garð gengnar. En ef ekki er brugðist við mun þessi lítillsvirðandi framkoma gagnvart starfsfólki halda áfram að breiðast út hjá fyrirtækjum landsins. Og skilaboð mín til almennra starfsmanna, stéttarféлага og yfirmanna hjá fyrirtækjum eru þessi:

Berjumst gegn þessari aðferð!



7 ára ábyrgð á öllum nýjum Kia bílum.

www.kia.com

Sjö manna Carens

Komdu og mátaðu hann við fjölskylduna



CARENS 7 manna



Kia bílarnir hafa slegið í gegn á Íslandi eins og annars staðar. Kia Carens er **rúmgóður, sparneytinn og öruggur sjö manna fjölskyldubíll með framúrskarandi aksturseglingu**, hannaður til að veita þér meira frelsi til að njóta stundanna með þínum nánustu.

Komdu í Öskju og kynntu þér Carens og stórfjölskylduna frá Kia. Við tökum vel á móti þér.

Kaupuki með Carens: Tveir iPad og heilsársdekk

Nú fylgja heilsársdekk og tvær 16 GB iPad spjaltdölvur með höfuðpúðafestingum hverjum nýjum Kia Carens. Gildir til 1. apríl 2014.

Carens 1,7 dísil, beinskiptur 6 girar

Verð frá 4.890.777 kr.

Aðeins 49.900 kr. á mánuði í 84 mánuði*



*M.v. 1.980.000 kr. útborgun eða upptökubíll að sambærilegu verðmæti og bilasamning ERGO í 84 mánuði. 9,7% óverðtryggðir vextir. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,69%. Nánari upplýsingar á ergo.is.

Þú finnur „Kia Motors Ísland“ á Facebook



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkennur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

Það þarf þjóð til að vernda barn á netinu

Á undanförunum vikum hefur verið mikil umræða í samfélaginu um orðræðu á netinu. Við erum minnt á að það sem einu sinni fer á netið er hægt að grafa upp aftur. Menn geta þurft að mæta fortíð sinni og svara fyrir orðræðu sem er geymd en ekki gleymd.

SAMFÉLAG



Margrét Júlía Rafnsdóttir
verkefnastjóri hjá Barnaheillum – Save the Children á Íslandi

Börnin okkar alast upp sem netverjar. Það fennir síður yfir bernskubrek þeirra en okkar sem vorum börn fyrir tíma netsins. Sár vegna illra ummæla eða myndefnis sem birt er af þeim er einnig erfiðara að græða, því sífellt er hægt að ýfa þau og opna. Netið hefur orðið vettvangur eineltis og ofbeldis og börn eru bæði gerendur og þolendur.

Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og öðrum íslenskum lögum eiga börn rétt á vernd gegn hvers kyns ofbeldi; líkamlegu, andlegu og kynferðislegu og gegn vanrækslu. Þau eiga líka rétt á umhyggju, leiðsögn og stuðningi. Þó foreldrar beri höfuðábyrgð á uppeldi og vernd barna sinna, verðum við öll sem samfélag að leggja hönd á plóg.

Á netinu hefur aukist mjög efni þar sem börn eru sýnd á kynferðislegan hátt eða beitt kynferðisofbeldi. Framleiðsla, varsla, dreifing og skoðun á slíku efni er ólögleg. Kynferðislegt tal við börn, myndataka og myndbirting sem sýnir barn á kynferðislegan hátt er ofbeldi gegn barninu. Það er afar mikilvægt að allir séu meðvitáðir um rétt barna á vernd gegn slíku.

Barnaheill- Save the Children á Íslandi hafa frá árinu 2001 tekið þátt í alþjóðlegu verkefni um vernd barna gegn ofbeldi á neti, ekki síst vernd gegn kynferðislegu ofbeldi. Verkefnið hefur verið styrkt af Safer Internet Action Plan, samstarfsáætlun Evrópusambandsins og er aðili að SAFT. Á barnaheill.is, er ábendingahappur þar sem hægt er að tilkynna um ólöglegt og/eða óviðeigandi efni á neti. Þar er einnig hægt að tilkynna um mansal á börnum, klámefni sem er aðgengilegt börnum, um rafrænt einelti, um fullorðna sem misnota börn á ferðum erlendis og fleira.

Ábendingarnar fara til skoðunar og rannsóknar hjá lögreglu og reynt er að tryggja að síðunum sé lokað sem fyrst. Framan af var lítið um ábendingar um íslenskt efni eða vefsíður sem voru vistadar á Íslandi, en á undanförunum árum hefur þeim fjölgað. Um er að ræða íslenskar vefsíður með kynferðislegu myndefni eða tali um íslensk börn og unglings. Einnig hefur ábendingum um efni á samfélagsmiðlum fjölgað.

Tækninni fleygir stöðugt fram

Þrátt fyrir öflugna starfsemi til að vernda börn gegn ofbeldi á netinu og við að uppræta efni sem þangað ratar, er við ramma reip að draga. Tækninni fleygir stöðugt fram, stöðugt koma fram nýjar leiðir til samskipta og dreifingar á efni. Börn og unglings eru

gjarnan fremri foreldrum sínum við að tileinka sér nýja tækni og tæki. Orð eins og Yevvo, Snapchat, Xdating, Randing.me og Talk2.me eru mörgum þeirra kunnugleg, á meðan fullorðna fólk þekkir bara Facebook og sum Instagram og Twitter.

Þeir sem hafa í hyggju að beita börn ofbeldi og nota netið sem verkfæri til þess, reyna alltaf að finna leiðir til ódæðis-

verkanna og til að fela slóð sína. Enn er mjög erfitt að uppræta það efni sem einu sinni er komið á netið. Eina örugga leiðin fram að þessu er að koma í veg fyrir að ofbeldið eigi sér stað. Það er gert með öflugri fræðslu og forvörnum. Það er gert með því að styrkja þær stöðir samfélagsins sem vinna með börnum og foreldrum þeirra.

Það er sama hver tæknin og tækin eru, forvarnirnar snúast alltaf um það sama; að styrkja sjálfsmynd barnanna og kenna þeim að setja sér og umhverfi sínu

mörk. Munum samt að það barn sem beitt er ofbeldi á neti ber þó enga ábyrgð á ofbeldinu, ábyrgðin er alltaf ofbeldismannsins.

Nú stendur yfir fjáröflunarátakið Út að borða fyrir börnin sem Barnaheill standa fyrir ásamt 22 veitingastöðum fram til 15. mars. Á barnaheill.is eru nánari upplýsingar um átakið og staðina. Við hvetjum alla til að fara út að borða með börnin og styrkja þannig verkefni samtakanna sem snúa að vernd barna gegn ofbeldi. Það þarf þjóð til að vernda barnlíka á netinu.

→ Barnaheill- Save the Children á Íslandi hafa frá árinu 2001 tekið þátt í alþjóðlegu verkefni um vernd barna gegn ofbeldi á neti, ekki síst vernd gegn kynferðislegu ofbeldi. Verkefnið hefur verið styrkt af Safer Internet Action Plan, samstarfsáætlun Evrópusambandsins og er aðili að SAFT.

HOLI

hátíðarmatseðill
4.990 kr. sun.-fim.

föstudagar og laugardagar 5.990 kr.

FORRÉTTUR

Gosht Shikampuri Kebab

Fínskorið pönnusteikt lambakjöt í blöndu af sérvöldum kryddjurtum

ADALRÉTTIR

Murgh Rajasthani

Maríneraðar kjúklingalundir með engiferi, hvítlauk, kúmmíni, kardimommum, negul og hvítum pipar og

Kandhari Kebab

Lambafillet marínerað í blöndu af rauðbeðum, steiktum lauk, chironji-fræjum, kasjúhnetum, kúmmíni og chillí og

Aloo Rajawadi

Hægeldaður grænmetisréttur með kartöflum, sesam-, caraway- og sinnepsfræjum, engiferi, hvítlauk og tómötum

MEDLÆTI

Blanda af Naan-brauði
Raitha jógurtsósa
Basmati-hrisgrjón

EFTIRRÉTTUR

Ginger Crème brûlée

Holi-hátíð hjá Austur-Indíafjelaginu

Gleði, litir og dásamlegur matur

Um þessar mundir halda Indverjar hina litríku Holi-hátíð. Austur-Indíafjlagið færir þér angan af gleðinni og litadýrðinni frá Indlandi með ríkulegum hátíðarmatseðli til loka mars á hreint frábæru verði: 5.990 kr. fös. og lau. og 4.990 kr. sun. - fim.

Komdu og njóttu þess besta í indverskri matargerð.
Borðapantanir í 552 1630

AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ
INDIAN RESTAURANT

Opið:
sun.-fim. 18:00 - 22:00
fös. og lau. 18:00 - 23:00

Hverfisgata 56
Sími: 552 1630
www.austurindia.is

GEFÐU
VATN
gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf
kirkjunnar

MERKISATBURÐIR

- 1629** Karl I. Englandskonungur leysir breska þingið upp. Þar með hefst ellefu ára harðstjórnin þar sem ekkert þing er.
- 1804** Bandaríkin kaupa Louisiana af Frökkum.
- 1934** Dregið er í Hapdrætti Háskóla Íslands í fyrsta sinn í Iðnó að viðstöddu fjölmenni. Hæsti vinningur er 10 þúsund krónur.
- 1944** Flugfélagið Loftleiðir er stofnað.
- 1964** Fyrsti Ford Mustang-bíllinn er framleiddur.
- 2000** Íslenska kvikmyndin Fíaskó er frumsýnd.
- 2005** Fjárfestingafélagið FL Group er stofnað utan um fjárfestingarhluta Icelandair Group.



+

Ástkær eigenmaður minn,
faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
GUNNLAUGUR PÉTURSSON
Sóleyjaríma 19,

lést miðvikudaginn 5. mars. Jarðarförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 14. mars kl. 13.00.

Ásdís Arinbjarnardóttir
Birna Guðný Gunnlaugsdóttir Sigurjón Sigurjónsson
Pétur Þór Gunnlaugsson
Bryndís Gunnlaugsdóttir Páll G. Jónsson
barnabörn og barnabarnabörn.



+

Ástkær móðir mín,
tengdamóðir, amma og langamma,
ÁSBJÖRG RAGNARSDÓTTIR
frá Hellissandi,

verður jarðsöngin frá Fella- og Hólakirkju fimmtudaginn 13. mars kl. 13.00.

Kristinn Kársson Ingibjörg Leósdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



+

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,
HJÖRDÍS ÞÓRHALLSDÓTTIR
Kleppsvegi 62, Reykjavík,

lést á Hrafnistu, mánudaginn 3. mars. Jarðarförin fer fram frá Langholtskirkju fimmtudaginn 13. mars kl. 13.00.

Aðalheiður Guðmundsdóttir Sigurjón Guðmundsson
Guðrún L. Guðmundsdóttir
Þórhallur Guðmundsson
Halldór M. Aðalsteinsson
Hjördís L. Aðalsteinssdóttir
Ásta Kristinsdóttir
Heiða Kristinsdóttir
Sæbjörg Ásmundsdóttir
Guðmundur Þórhalls
Lilja Dís

Lokað

Skrifstofan verður lokað eftir hádegi í dag mánudaginn 10. mars vegna útfarar **SIGURÐAR S. WIJUM.**

Fasteignasalan Kjöreign ehf.
Ármúla 21, 108, Reykjavík

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

PETTA GERÐIST: 10. MARS 2010

Corey Haim lést úr lungnabólgu

Leikarinn Corey Haim lést úr lungnabólgu á þessum degi árið 2010, aðeins 38 ára að aldri.

Corey hóf leiklistarferilinn aðeins tíu ára gamall þegar hann lék Larry í kanadísku seríunni The Edison Twins sem var í loftinu frá 1982 til 1986.

Árið 1986 landaði hann hlutverki í kvikmyndinni Lucas þar sem hann lék á móti Charlie Sheen og Winona Ryder. Þaðan í frá var leiðin greið á leiklistarbrautinni og lék hann í myndum á borð við The Lost Boys, License to Drive og Anything for Love.

Hann var mikill hjartaknúsari og um tíma fékk hann yfir tvö þúsund aðdáenda-

bréf á viku frá æstum unglingsstúlkum.

Lífið lék þó ekki við Corey í einkalífinu og ánetjaðist hann áfengi og fíkniefnum snemma á ferlinum. Hann smakkaði fyrst áfengi á setti Lucas árið 1985 og prófaði marijúana ári seinna. Það leiddi til þess að hann notaði kókaín í eitt og hálf ár og síðar krakk.

Corey reyndi margoft að losa sig við vímuefnadjöfulinn en lítið gekk. Þegar lögregla fór í gegnum eigur hans eftir andlátíð fann hún ýmis lyf á heimili hans sem leikarinn hafði fengið frá mismunandi læknum, þar á meðal Valíum, Víkóðín og Xanax.



VINSÆLL Corey var afar vinsæll meðal kvenna á árum áður. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Er eiginlega kjaftstopp

Halldór Lárusson trommari og tónlistarkennari hefur verið útnefndur bæjarlistamaður Grindavíkur, fyrstur manna, af frístunda- og menningarnefnd sveitarfélagsins.

„Ég átti nú fyrr von á dauða mínum en þessu. Þetta er mjög mikill heiður. Ég er eiginlega kjaftstopp en þykir afskaplega vænt um þetta,“ segir Halldór Lárusson, trommari og tónlistarkennari, um kjör hans sem bæjarlistamanns Grindavíkur 2014. Hann mun fá verðlaunin við setningu Menningarviku Grindavíkur bæjar á laugardaginn, 15. mars í Grindavíkurkirkju. Það verður í fyrsta skipti sem slík verðlaun verða afhent.

Halldór hefur búið í Grindavík í átta og hálf ár og verið atkvæðamikill í tónlistarmeningu bæjarins. Hann kennir slagverk við tónlistarskólana í Grindavík, Garði og Sandgerði. Á síðastnefnda staðnum starfaði hann líka sem skólastjóri tímabundið. Hann stóð fyrir „opnu sviði“ á veitingastaðnum Bryggjunni alla föstudaga í júní og október á síðasta ári og þar gafst bæjarbúum og öðrum gestum kostur á að fara á svið og syngja eða spila með þekktum undirleikurum. Ég bið hann að segja mér nánar frá þeim skemmtilegheitum.

„Bryggjan er lítið kaffihús alveg á bryggjunni í Grindavík og er með þeim flottari á landinu enda rekið af mikilli ástúð. Það er líka mikill menningarstaður því þar er mikið um djasstónleika og bókmenntakvöld. Síðasta ár var ég þar átta föstudagskvöld með góða tónlistarmann með mér og bauð fólki að koma og syngja með okkur, spila eða gera hvað sem var. Það heppnaðist svona hrikalega vel. Það voru bæði heimamenn og gestir sem lögðu fram efni, sögðu jafnvel sögur.“

Halldór hefur leikið með mörgum helstu tónlistarmönnum landsins svo sem Bubba Morthens og MX-21, Rúnari Júlíussyni, Bjartmari Guðlaugssyni, Júpíters, P.S. & co, Spilafíflum, Með nöktum ásamt mörgum fleirum. Hann bjó í Hollandi um árabil og starfaði þar með ýmsu tónlistarfólki, þar á meðal Afríkuböndunum Lanyi og King Taky and Afro Roots, Seydouba Soumah, hollensku pönkhljómsveitinni The Harries og mörgum fleirum.



TROMMARINN Ég átti nú fyrr von á dauða mínum en þessu,“ segir bæjarlistamaðurinn Halldór Lárusson í Grindavík. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Trommuviðgerðir og trommusmíði eru meðal viðfangsefna Halldórs. Þá er hann upphafsmaður trommusýningarinnar Trommarinn sem haldin hefur verið árlega frá 2009. Hann starfar nú að upptökum með hollensku hljómsveitinni Beesandus, tekur trommuleikinn upp í hljóðveri hér heima og sendir síðan út. Einnig vinnur hann að kennslubók fyrir unga trommuleikara og hefur nýlega hafið tókur á heimild-

armynd um íslenska trommuleikara. Þess má geta að Halldór mun koma fram á tónleikum með Halli Ingólfssyni og félagum í Kaldalóni í Hörpu næsta fimmtudag, 13. mars. Þar flytja þeir efni af nýttkominni sólóplötu Halls – Örafí „Ég var að aðstoða Hall við gerð sólóplötunnar seint á síðasta ári,“ segir Halldór, „og það er með allra skemmtilegustu verkefnum sem ég hef tekið þátt í.“ gun@frettabladid.is

Ný Íslensk-frönsk orðabók í bígerð

Samkomulag undirritað um gerð nýrrar orðabókar sem mun geyma 50 þúsund orð.

Sendiráð Frakklands á Íslandi, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum hafa undirritað samkomulag um undirbúning að gerð íslensk-frönskrar orðabókar en slík orðabók kom síðast út árið 1950.

Verkefnið hefur hlotið styrk frá efri deild franska þingsins, 10.000 evrur, sem mun standa straum af kostnaði við verkið, auk þess sem sendiráðið leggur til starfsmann. Markmiðið er að leggja grunn að stærra verki milli íslensku og frönsku sem byggir á íslenskum orðabókargrunni sem unninn hefur verið hjá SÁM og hefur að geyma 50.000 orð ásamt fjölda ðæma og orðasambanda.

Starfsmenn undirbúningsverkefnisins eru Rósa Elín Davíðsdóttir, doktorsnemi við HÍ og Sorbonne-háskóla sem hefur umsjón með franska hlutanum, og Maxence Dupuis, meistaranemi við Sorbonne-háskóla. Ritstjórar íslenska orðagrunnsins, Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir á orðfræðisvið SÁM, hafa umsjón með íslenska hlutanum.



ANÆGD VIÐ UNDIRRITUN Sendiherra Frakklands á Íslandi, Marc Bouteiller, Auður Hauksdóttir, forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Guðrún Nordal, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Vigdís Finnbogadóttir, fv. forseti Íslands, við undirritun samkomulagsins.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



MEIRA DEKUR

Bóndadagur er búinn, sömuleiðis Valentínusardagur og konudagur. Enn er langt í páskana. Hins vegar má alltaf gera vel við sig, til dæmis með því að baka bollakökur og fönndra síðan fallegar skreytingar. Bollakökur eru bragðgóðar og fallegar og gleðja því bæði auga og maga.

ERTU MEÐ KVEF?

INNLAND KYNNIR Þá borgar sig að reyna FORT FRISK.

Pelargóniúextrakt er talið geta unnið gegn veirusýkingum, bakteríusýkingum og verið styrkjandi fyrir ónæmiskerfið. Lúðvík Ásgeirsson, innkaupa- og markaðsstjóri hjá Innlandi sem flytur inn Fort Frisk, segir það borga sig að reyna Fort Frisk þegar kvef herjar á. „Fort Frisk er unnið úr pelargóníu sem er mögnuð lækningajurt. Rannsóknir sem hafa verið gerðar á virkni pelargóníu hafa sýnt fram á að hún getur hjálpað til við bata kvefs, berkjubólgu, ennis- og kinnholubólgu og bólgu og sýkingar í hálskirtlum. Hún virðist geta komið í veg fyrir að bakteríur setjist í slímhúð öndunarvegarins og örvað ónæmiskerfið til að takast á við sýkingar,“ segir hann.

Pelargónía hefur verið notuð sem lækningajurt í Suður-Afríku í mörg hundruð ár gegn kvefi, berkjubólgu, sýkingum í efri öndunarvegi og jafnvel berklum. „Saga jurtarinnar í Evrópu hefst með Charles Stevens sem varð veikur af berklum árið 1897 og var sendur til Suður-Afríku til lækninga, en þar lét náttúrulæknir hann taka inn pelargóníurót og öðlaðist hann fullan bata. Í kjölfarið tók hann jurtina með sér heim til Englands og hóf sölu á malaðri pelargóníurót í lækningaskyni og þá fyrst og fremst við berklum,“ segir Lúðvík.

Þegar lyf höfðu verið þróuð við berklum þá má segja að pelargóníurótin hafi gleymst þar til nýlega að hún hefur aftur náð athygli manna og þá sérstaklega vegna þess að nú hafa verið gerðar vísindalegar rannsóknir á henni sem sýna fram á mikla virkni.

„Pelargóníurótin virkar aðallega þegar einkenni hafa komið fram en



fyrirbyggjandi eiginleikar hennar hafa ekki verið staðfestir og aukaverkanir af notkun rótarinnar eru ekki þekktar.“

Fort Frisk er fáanlegt á eftirfarandi stöðum: Lyfju, Heilsuhúsunum, Lyfjaval Mjódd, Austurbæjarapóteki, Apóteki Vesturlands, Garðs Apóteki, Apóteki Garðabæjar og Urðarapóteki.

FORT FRISK
Fort Frisk er unnið úr pelargóníu sem talin er hafa styrkjandi áhrif á ónæmiskerfið.

GEZE



Fyrirtæki - Húsfélög.

Við bjóðum upp á sjálfvirkan hurðaopnunarúnað ásamt uppsetningu og viðhaldi.

Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir aðgengi fatlaðra.

Áratuga reynsla tryggir gæðin. S: 5858900 - www.jarngler.is

JARNGLER

Járn og gler hf - Skútuvegur 1H

Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík

HLEÐSLUTÆKI

Passaðu vel upp á rafgeyminn í vetur.



12v 7A

Nýtt



12v 5,5A

12v 0,8A

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is



Reverie®

Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Kíktu á www.reverie.com



- Inndraganlegur sterkur stálbotn. Rúm dregst upp að vegg þegar baki er lyft upp
- Hægt að nota iPad, iPhone, iPod Touch eða Android snjalltæki sem fjarstýringu.
- 10 mismunandi nuddstillingar
- Hljóðlátir og krafmiklir mótórar
- Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færast ekki í sundur.
- Glæsileg fjölnota fjarstýring

Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

12 mán.
vaxtalausr
greiðslur*

*3.5% lántökugjald



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

Frábært tilboð

ANNA SÓLEY Syngur og semur djasstónlist sem flutt verður á Café Rosenberg í kvöld.

Trommuleikarann þarf vart að kynna en Óskar útskrifaðist frá FÍH í fyrravor. Hann er meðlimur í fjölda hljómsveita, svo sem Kjass, Nóru og DÓH tríói.

NÝTT



purelyinspired®

Aukin fitubrennsla

FYRIR HVERN ER ÞETTA?

Purely Inspired vörurnar eru hannaðar fyrir konur og karla sem vilja áhrifaríkar en umfram allt heilsusamlegar vörur til að hjálpa til við fitubrennslu.

Þær innihalda engin örvandi efni heldur aðeins náttúruleg og vísindalega viðurkennd innihaldsefni sem örva eðlilega fitubrennslu líkamans og hjálpa til við að minnka matarlyst og brenna fleiri hitaeiningum í dagsins önn.

TOPP EINKUNN ALLS STAÐARI!

Green Coffee Bean, Garcinia Cambogia og Raspberry Ketones eru allt náttúruleg efni sem hafa verið ítarlega rannsökuð og fengið mikla umfjöllun í sjónvarpsþáttum erlendis, eins og Oprah Winfrey Show og Dr.Oz sem hefur meðal annars kallað Green Coffee Bean kraftaverkaefni fyrir þá sem vilja léttast á heilsusamlegan og hættulausan hátt.

ENGIN ÖRVANDI EFNII!

Purely inspired vörurnar innihalda ekkert koffein eða önnur örvandi efni og eru því algjörlega hættulausar og henta fólki á öllum aldri.

HVER ER GALDURINN?

Purely inspired vörurnar innihalda Green Coffee Bean extract sem hefur verið vísindalega sannað að eykur fitubrennslu verulega og nýleg 60 daga rannsókn leiddi í ljós að þeir sem notuðu Purely Inspired vörurnar misstu að meðaltali 5 kíló af fitu á þeim tíma.

GREEN COFFEE BEAN: Inniheldur 45% Chlorogenic Acid sem eykur orkunotkun líkamans yfir daginn og gerir það að verkum að þú brennir fleiri kaloríum í dagsins önn.

RASPBERRY KETONES: Hjálpar til við að losa fitu úr frumunum til að líkaminn geti síðan notað hana sem orku og þannig gengur líkaminn hraðar á fituforðann.

GARCINIA CAMBOGIA: Dr Oz kallaði Garcinia Cambogia "byltingarkennt brennsluefni". Rannsóknir sýna að ekki aðeins hjálpar það til við fitubrennslu heldur getur líka lækkað LDL kólesteról og gerir fólk þannig heilbrigðara. Það kemur líka í veg fyrir að nýjar fitufrumur myndist.

KONJAC ROOT: Inniheldur glucomannan tréfar sem þenjast út í maganum og skapa sedduþilfinningu þannig að þú verður fljótur saddur. Ætlað þeim sem borða of mikið og vilja minnka matarlystina.



Af tískupöllum á rauða dregilinn

Stjörnurnar og stílistar þeirra eru dugleg við að mæta á tískusýningar víðs vegar um heim og kynna sér það sem er móðins hverju sinni. Oftar en ekki fá stjörnurnar að klæðast flíkom nánast beint af tískupöllum, löngu áður en almenningur getur látið sig dreyma um þær.



**TÖFFARA-
SKAPUR**
Jared Leto í Saint Laurent.



TÓNAFLLJÓÐ
Katy í Valentino Haute Couture.



**DJÖRF Í
DRAGT**
Madonna í Ralph Lauren.



FRÉTTABLADIÐ/GETTY



**NÚ ER ÞAÐ
SVART**
Beyoncé í Roberto Cavalli.



**SLEPPTI
BLÚSSUNNI**
Rihanna í Jean Paul Gaultier.



**SPLÆSTI Í
TOPP**
Jennifer Lawrence í Dior Haute Couture.



**GLITRANDI
STJARNAN**
Cate Blanchett í Givenchy.

Í BÍTIÐ ER Í LOFTINU

VIÐ BJÓÐUM YKKUR GÓÐAN DAGINN

VIRKA MORGNA MILLI KL. 06:50 - 10:00

BYLGJAN989
#BYLGJAN

UNITED SJÓNVRÖRP

ÁÐUR ÓÞEKKT VERÐ!



UNITED LED32X16

- Einfalt og gott 32" sjónvarp
- 1366x768 punkta upplausn
- Progressive Scan
- Stafrænn móttakari DVB-T+C
- USB margmiðlunartengi sem styður DivX, MKV, MP3 og JPEG
- 3 x HDMI, Scart, CI kortarauf, S-video, Coax, PC, heyrnartóls- og RCA tengi

KYNNINGARTILBOÐ

49.990

VERÐ 59.990

UNITED LED39X16T2

- Einfalt og gott 39" sjónvarp
- Háskerpu 1920x1080 punkta FHD upplausn
- Progressive Scan
- Stafrænn DVB-T2+C móttakari
- USB margmiðlunartengi sem styður DivX, MKV, MP3 og JPEG
- 3 x HDMI, Scart, CI kortarauf, S-video, Coax, PC, heyrnartóls- og RCA tengi

KYNNINGARTILBOÐ

79.990

VERÐ 89.990

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

UNITED

SAMbio.is

FRÁ FRAMLEIÐANDANUM ZACK SNYDER, LEIKSTJÓRA 300 OG MAN OF STEEL 16

NON-STOP 12

GAMLINGINN 12

300: RISE OF AN EMPIRE 3D KL. 5:40 - 8 - 10:20

300: RISE OF AN EMPIRE VIP KL. 5:40 - 8 - 10:20

SAVING MR. BANKS KL. 5:20 - 8 - 10:40

NON STOP KL. 5:40 - 8 - 10:20

WINTER'S TALE KL. 10:20

GAMLINGINN KL. 8

I, FRANKENSTEIN KL. 10:30

HR. PÍBODY OG SÉRMANN KL. 5:50

THE LEGO MOVIE KL. 5:50

THE LEGO MOVIE KL. 8

EGILSHÖLL

300: RISE OF AN EMPIRE 3D KL. 8 - 10:10 2D: 5:50

GRAVITY 3D SALUR 1 (STEFJA TALD LANDS) KL. 5:50

NON STOP KL. 5:40 - 8 - 10:20

GAMLINGINN KL. 8 - 10:20

I, FRANKENSTEIN KL. 10:30

HR. PÍBODY OG SÉRMANN KL. 5:50

LÍFSLEIKNI GILLZ KL. 8

KRINGLUNNI NÚMÉRUD SÆTI

300: RISE OF AN EMPIRE 2D KL. 5:40 - 8 - 10:20

NON STOP KL. 10:40

GAMLINGINN KL. 5:30 - 8 - 10:30

12 YEARS A SLAVE KL. 5:20 - 8

KEFLAVÍK

300: RISE OF AN EMPIRE 2D KL. 8 - 10:20

NON STOP KL. 8

3 DAYS TO KILL KL. 10:20

AKUREYRI

300: RISE OF AN EMPIRE 3D KL. 8 - 10:20

SAVING MR. BANKS KL. 8

NON STOP KL. 10:40

GAMLINGINN KL. 5:30

THE LEGO MOVIE KL. 5:50

SMÁRA BIÓ HÁSHÖLVA BIÓ

3 DAYS TO KILL 12

SAVING MR. BANKS 16

EMPIRE 12

SMÁRA BIÓ 5%

300: RISE OF AN EMPIRE 3D KL. 5:40 - 8 - 10:20

300: RISE OF AN EMPIRE 3D LÚDUS KL. 5:40 - 8 - 10:20

ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS ÍSL. TAL. 2D KL. 3:30 - 5:45

ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS ÍSL. TAL. 3D KL. 3:30 - 5:45

THE MONUMENTS MEN KL. 8 - 10:35

RIDE ALONG KL. 5:45 - 8 - 10:15

ROBOCOP KL. 8 - 10:35

SKÝJAD MED KJÖTBOLLUM 2D KL. 3:30

HÁSHÖLVA BIÓ 5%

SAVING MR. BANKS KL. 6 - 9

ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 2D KL. 5:50

ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 3D KL. 5:50

3 DAYS TO KILL KL. 8 - 10:30

THE MONUMENTS MEN KL. 8 - 10:30

NYMPHOMANIAC PART 1 KL. 8 - 10:30

AUGUST OSAGE COUNTY KL. 5:30

BORGARBIÓ NÁNAR Á MIÐLIS

3 DAYS TO KILL KL. 8 - 10:10

ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 3D KL. 6

THE MONUMENTS MEN KL. 6 - 8

RIDE ALONG KL. 10:10

Míðasala á: midi.is og eMiði

LAUGARÁS BIÓ

3 DAYS TO KILL 12

THE MONUMENTS MEN 12

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

3 DAYS TO KILL 8, 10:20

THE MONUMENTS MEN 8, 10:25

RIDE ALONG 6, 10:25

ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 3D 6

DALLAS BUYERS CLUB 5:45, 8



ÁSTIN KVIKNAR Á NÝ Selena Gomez og Justin Bieber hafa eytt mörgum stundum saman undanfariðið.

RRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Dansa saman

Svo virðist sem Selena Gomez og Justin Bieber séu að stinga saman nefjum á nýjan leik. Í síðustu viku sást til parsins borða morgunverð saman í Los Angeles og um helgina fóru þau svo í danstíma saman.

Bieber vakti svo athygli á samskiptamiðlinum Instagram er hann birti mynd af Gomez frá Vanity Fair partí og skrifaði „Flottasta prinsessan í heiminum.“

Stjörnurarnar ungu byrjuðu fyrst saman árið 2010 en hættu endanlega saman á síðasta ári.

Ég og dýnan mín

BAKPANKAR OJ, af hverju ferðu í jóga, er það ekki Berglindar Pétursdóttur



Ég, undir stjórn míns þrautþjálfafa jóga-hugar, sá mér ekki fært að ergjast yfir þessum forðmafullu spurningum, heldur lagði ég hönd mína á enni hennar og sendi endurnærandi strauma langt ofan í orkustöðvar. Síðan kveikti ég á reykelsi, setti upp efnískan vefjarhött og útskýrði hvernig hugur og líkami vinna saman að vellíðan í jóga. Þessi vinkona mín er í dag gerbreytt manneskja og lifir í sátt og samlyndi við menn og dýr – og jóga.

PEGAR þú stígur inn í jógasal og á þar til gerða jógadýnu skilurðu allt dagsins amstur eftir fyrir utan. Þú þarft bara að einbeita þér

að sjálfum þér. Ef þú ferð eitthvað að gægjast hvað hinir eru að gera missirðu einfaldlega jafnvægið og ekkert gengur upp. Þú ferðast inn á við. Þetta er gott til að hreinsa til í huganum og sjá hvað maður er í alvörinni að þæla. Rannsóknir hafa nefnilega sýnt að það er alveg glatað að vera stressaður og óviss og rannsóknir eru, eins og við vitum öll, áreiðanlegar.

AD jógatímanum loknum þakkarðu jörðinni fyrir að bera þig (takk aftur jörð, þú stendur þig vel) og ferð aftur út í samfélagið aðeins tengdari sjálfum þér og kosmósnum öllum. Það er stundum gott þegar maður býr í samfélagi sem á það til að leika á reiðiskjálfi. Ég mæli því með að allir skelli sér aðeins í jógasalinn, hann er víða. Bæði ráðamenn og óbreyttir kommentarar víðsvegar um land allt. Það getur ekkert nema gott komið út úr því. Kannski getum við öll einhvern tímann klætt okkur í víðar vafningsbuxur og kyrjað saman í hring í staðinn fyrir að vera alltaf með ónot. Namaste allir.

Brosmyndir leikhúsgestir

Leikritið Furðulegt háttalag hunds um nótt var frumsýnt á laugardagskvöldið í Borgarleikhúsinu. Þorvaldur Davíð Kristjánsson fer með aðalhlutverk í verkinu og leikstjóri er Hilmar Jónsson. Það er tónlistarmaðurinn Ásgeir Trausti sem sér um tónlistina. Tilhlökkun var í frumsýningargestum ef marka má þessar myndir sem smelt var af rétt fyrir sýningu.



BROSMILD Gunnur Von Matern og Gunnlaugur Egilsson.



SÆTAR Anna Gréta, Karlotta og Hrafninn.



SPENNTAR Aðalbjörg Rós og Hlín Agnars.



BÚNINGAHÖNNUÐURINN Pórunn María ásamt börnum.



FLOTTAR SAMAN Agnes Guðbrands, Margrét Pálma og Margrét Eir.



FRÁFARANDI BORGARLEIKHÚSSTJÓRI Magnús Geir Eyjólfsson ásamt Ingibjörgu Stefánsdóttur.

BIÓ PARADÍS EUROPA CINEMAS

THE CONGRESS

INSIDE LLEWYN DAVIS

DARK TOUCH

3 GOLDEN GLOBE NOMINATIONS BEST PICTURE

JOEL & ETHAN COEN

OSCAR ISAAC

CAREY MULLIGAN

JOHN GOODMAN

GARRETT HEDGECOCK

JUSTIN TIMBERLAKE

SKÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Míðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Ábendingahnaðinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

Við bjóðum fyrirtækjum sérþekkingu



Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel

Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnið í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Þekking sprettur af áhuga

Hjá Íslandsbanka starfar hópur fólks sem býr að áratuga reynslu af ráðgjöf við stór og smá fyrirtæki og hefur viðtæka sérþekkingu á fjárhagsumhverfi þeirra. Þannig getum við ávallt tryggt þeim þá bankaþjónustu sem þau þarfnast.

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000


Íslandsbanki

Alfred jafnaði markamet Heerenveen

FÓTBOLTI Alfred Finnbogason og Aron Jóhannsson voru báðir á skotskónum í hollensku úrvalsdeildinni um helgina. Aron skoraði fyrstu tvö mörkin í 4-0 sigri AZ á PEC Zwolle en Alfred rak endahnúttinn á 3-0 sigur Heerenveen á PEC Zwolle á laugardagskvöld.

Þetta var 47. úrvalsdeildarmark Alfreds fyrir Heerenveen og jafnaði hann þar með markamet Gerald Sibon. Alfred þurfti aðeins 57 leiki til að ná áfanganum en hann hefur skorað 23 mörk í 24 deildarleikjum á tímabilinu til þessa og er markahæsti leikmaður hollensku úrvalsdeildarinnar.

Aron er í þriðja sæti markalistans með sextán mörk í 26 leikjum. Kolbeinn Sigþórsson, sem kom inn á sem varmaður en Ajax gerði 1-1 jafntefli við Cambuur í gær, er í ellefta sæti með níu mörk.

- esá



Allar klárir í slaginn fyrir leikinn gegn Kína

FÓTBOLTI Ísland mætir Kína í hreinum úrslitaleik um annað sæti A-riðils á Algarve-móttinu í Portúgal. Bæði lið eru með þrjú stig en stelpurnar okkar eru með lakara markahlutfall og þurfa því á sigri að halda til að komast í bronsleik mótsins.

Æfingar hafa gengið vel eftir frábæran 2-1 sigur á Noregi á föstudag. „Það eru allir í góðu standi enda alvöru stelpur sem hugsa um sig eins og atvinnumenn,“ sagði Freyr Alexandersson eftir æfingu liðsins á Algarve í gær.

Freyr sagði að fyrirfram hefði þjálfarateymið vitað minnst um

kínverska liðið af andstæðingum þess á móttinu.

„Við settum smá kraft í að skoða þeirra lið um helgina og mér sýnist að það sé erfiður leikur í vændum. Kínversku stelpurnar eru duglegar, samstillar og sterkar. Þær virðast vera í mjög góðu formi,“ sagði hann.

Hann reiknar með því að gera nokkrar breytingar á liði Íslands. „Við viljum gefa fleiri leikmönnum tækifæri til að kynnast því að spila með landsliðinu. Það hefur gengið vel eins og sást á leiknum gegn Noregi. Svona lagað tekur tíma en leikmenn hafa lagt sig fram á æfingum og hafa



FREYR ALEXANDERSSON

verið móttækilegir fyrir breytingum.“

Freyr segir að allir leikmenn séu klárir í slaginn fyrir leikinn í dag. „Ólína er sú eina sem hefur verið tæp en hún er öll að koma til.“ - esá

Ég er enginn glamúrskall

Nafn Gunnars Nelson er enn þekktara í heimi blandaðra bardagalista eftir glæstan sigur hans á Omari Akhmedov í UFC-bardagadeildinni í Lundúnum um helgina. Gunnar vann á hengingu strax í fyrstu lotu.

MMA Gunnar Nelson er enn ósigrður á atvinnumannsferli sínum í blönduðum bardagalistum en hann vann sinn tólfta sigur um helgina – og þann þriðja í UFC-bardagadeildinni – er hann hengdi Rússann Omari Akhmedov í fyrstu lotu í O2-höllinni í Lundúnum.

Sigurinn var glæsilegur en Gunnar hafði fullt vald á bardaganum nánast frá upphafi. Dómarinn stöðvaði svo bardagann eftir 4:36 mínútur eftir að Gunnar hafði læst Rússann í svokölluðu „guillotine“-hálastaki.

„Bardaginn fór á minn veg frá á til ö og gekk vonum framar,“ sagði sigurreifur Gunnar í samtali við Fréttablaðið í gær.

Hægt að fara fram hjá hlutunum

Gunnar segist hafa reiknað með því að Akhmedov væri bæði höggþungur og sterkur. „Svo vissi ég líka að hann væri góður glímumaður enda margfaldur meistari í sambo [rússneskri bardagaíþrótt],“ segir Gunnar. „Ég var því viðbúinn hverju sem var. En ég vissi líka að menn sem eru jafn sterkir og hann missa líka ákveðinn sveigjanleika. Það er því undantekningarlítið hægt að fara fram hjá hlutunum gegn svoleiðis mönnum en að brjótast einfaldlega í gegn.“

Eftir að Gunnar eyddi fyrstu mínútum bardagans í að þreifa á andstæðingi sínum kom hann þungu höggi í andlit hans sem kom Rússanum í gólfíð. Þaðan átti hann ekki eftir að standa upp aftur en hæfileikar Gunnars sem glímumanns komu þá berlega í ljós. Rússinn átti ekki möguleika.

Fram kom fyrir bardagann að Gunnar, sem var lengi frá vegna meiðsla, hafði eytt síðustu mánuðum í að styrkja sig sem standandi bardagamann. „Það er enginn vafi á því að þær æfingar skiluðu sínu. Hann vildi pottþétt halda bardaganum standandi og var ég tilbúinn í þann slag. Þetta snýst svo bara um að grípa þau tækifæri sem gefast – hvort sem er standandi eða í gólfinu,“ segir hann.

Sigurinn sendir skýr skilaboð

Gunnar hefur getið sér orð í heimi

5.587.000

Gunnar fékk 50 þúsund Bandaríkjadali, tæpar 5,6 milljónir króna, í frammistöðubónus frá UFC.

þessarar vinsælu íþróttar fyrir yfirvegun sína, bæði innan „búrsins“ og utan. Hann gerir sér þó grein fyrir því að jafn sannfærandi sigur og þessi sendi skýr skilaboð til annarra í UFC-bardagadeildinni.

„Sérstaklega þegar hann er með jafn sannfærandi hætti og þessum. Ég spái annars lítið í því,“ sagði Gunnar af sinni kunnun högværð.

Sérfræðingar hafa keppt við að spá Gunnari miklum frama í UFC og þjálfari hans, John Kavanagh, spáði því að Gunnar yrði heimsmeistari í veltivigt innan tólf mánaða. Ljóst er að orðspor hans eftir sigurinn á Akhmedov um helgina fer enn víðar en Gunnar fékk mikla athygli í Lundúnum í aðdraganda bardagans. Hann kundi ágætlega við þá athygli.

„Maður heldur sig bara við sitt en þetta er ágætt. Ég er samt enginn glamúrskall – það eru aðrir sem eru töluvert betri í því en ég,“ sagði hann í léttum dúr.

Eftir bardagann uppskar Gunnar mikið lof frá Dana White, forseta UFC, og fékk sérstakan frammistöðubónus fyrir bardaga sinn, um 5,6 milljónir króna.

„Það er flott mál,“ sagði Gunnar sem var ánægður með lofið sem hann fékk frá White á blaðamannafundinum. „Það er ekki slæmt að vera á vinalista hans.“

Þess má geta að sérfræðingar um MMA-íþróttina lofuðu frammistöðu Gunnars. Fékk hann til að mynda einkunnina A+ á vefsíðunni bleacherreport.com sem gaf öllum keppendum einkunn.

„Fólk hefur ekki haldið vatni yfir Gunnari – jafnvel áður en hann kom inn í UFC. Eftir þrjú yfirburðasigra er tímabært að honum verði útveguð samkeppni sem er honum verðug,“ sagði í umfjölluninni. eirikur@frettabladid.is



SIGURSAEL Thelma Rut Hermansdóttir var í sigurliði Gerplu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Bikarmeistari í tíunda sinn

FIMLEIKAR Kvinnalið Gerplu varð um helgina bikarmeistari í áhaldafimleikum tíunda árið í röð en bikarmótið fór fram í Versöllum í Kópavogi um helgina. Hápunktur mótsins var keppni í frjálsum æfingum á laugardaginn en þar varð Gerpla hlutskörpust í kvennaflokki og Ármann í karlaflokki.

Um helgina var þar að auki keppt í 1.-3. þrepi en um síðustu helgi var keppt í 4.-5. þrepi. Alls vann Gerpla sjö titla af þeim tólf sem í boði voru. - esá


Bætti öðrum titli í safnið

KRAFTLYFTINGAR Viktor Samúelsson, KFA, og Ragnheiður Kr. Sigurðardóttir, Gróttu, urðu um helgina Íslandsmeistarar í kraftlyftingum.

Viktor varð í síðasta mánuði Norðurlandameistari unglinga í greininni og bætti sig um 5 kg í samanlögðu frá móttinu í Álalorg og lyfti samtals 905 kg. Fyrir það fékk hann 527,1 stig.

Hann setti Íslandsmeist í bæði sínum aldursflokki og öllum flokki með því að lyfta 315 kg í réttstöðulyftu. Hann bætti einnig Íslandsmeist í sömu flokkum fyrir árangur sinn í samanlögðu.

Ragnheiður, sem æfir með Gróttu, keppir í 52 kg flokki og lyfti samtals 373,5 kg og fékk fyrir það 465,6 stig. Hún setti Íslandsmeist í öllum einstökum greinum sem og samanlögðu í sínum þyngdarflokki. - esá



SIGRINUM FAGNAÐ Gunnar Nelson eftir sigurinn á Akhmedov í O2-höllinni á laugardagskvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Margir Írar halda að ég sé frá Írlandi

Talið er líklegt að næsti bardagi Gunnars Nelson fari fram í Dublin á Írlandi í sumar en það hefur þó ekki fengist staðfest. Gunnar lýsti þó yfir áhuga á að berjast þar og telur líklegt að UFC nýti sér vinsældir hans hjá írskum bardagaáhugamönnum.

„Ég á virkilega stóran aðdáendahóp þar og margir Írar halda að ég sé frá Írlandi. Ég hef verið með annan fótinn þar í dagóða stund og oftast barist þar á ferlinum,“ sagði Gunnar og bætti við: „Ég náði að að skapa mér nafn á Írlandi áður en ég varð þekktur heima.“

SA tryggði sér titilinn

SA meistari í íshökkí kvenna eftir sigur á Birninum.

ÍSHOKKÍ Skautafélag Akureyrar varð í gær Íslandsmeistari kvenna í íshökkí eftir sigur á Birninum, 5-0, í öðrum leik liðanna í lokaúrslitum úrslitakeppninnar. SA vann fyrsta leikinn í lokaúrslitunum í Reykjavík í síðustu viku, 2-1 en þetta er þrettándi Íslandsmeistararitill félagsins.

Anna Ágústsdóttir, Sarah Smiley, Bergþóra Bergþórsdóttir og Kristín Jónsdóttir skorðu mörk SA í gær en Anna skoraði tvö marka liðsins. SA sýndi talsverða yfirburði í leiknum og átti 45 skot

að marki andstæðingsins en Björninn aðeins ellefu.

Björninn varð deildarmeistari fyrr í vetur en liðið vann tíu leiki af tólf mögulegum. SA kom næst með 24 stig en SR rak lestina án stiga.

Í karlaflokki tryggði Víkingur sér deildarmeistararitilinn með sigri á Birninum í Egilshöll á laugardaginn, 5-3. Björninn er engu að síður öruggt með annað sæti deildarinnar.

Lið Húna hafnaði í þriðja sæti með 28 stig. - esá

LYFJA
– Lífið heil

15% afsláttur
Gildir út mars.

Nicorette Fruitmint
Allar pakkingar og styrkleikar.

www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju




TÆKI FRÁ UPPHAFI TIL ENDA

Hvert sem markmiðið er þá hefur Philips hágæða snyrtitæki fyrir höfuð, andlit og líkama!



1000 krónur af öllum seldum Philips rakvélum, skeggsnyrtum og hárklippum í marsmánuði renna til Krabbameinsfélagsins



PHILIPS
sense and simplicity

 **Heimilistæki** ht.is
UMBODSMENN UM LAND ALLT

nettó
Kræsingar & kostakjör

25% afsláttur af fæðubótarefnum



CRISP PRO
PROTEIN BAR
VERÐ PER STK
ÁÐUR 398

299,-



BODY ATTACK
FITNESS SHAKE 400 GR
SÚKKUL, JARÐARB, VANILLU
VERÐ PER DÓS
ÁÐUR 2.798

2.099,-



BODY ATTACK
HRISTIGLAS
VERÐ PER STK
ÁÐUR 998

749,-



BODY ATTACK
LOW CARB PROTEIN SHAKE
VERÐ PER STK 250 ML
ÁÐUR 449

337,-



BODY ATTACK
FAT BURNER 2 TEG
VERÐ PER STK
ÁÐUR 369

277,-



PRO PLEX
PROTEIN BAR 5 TEG
VERÐ PER STK
ÁÐUR 298

224,-



SUPERIOR 14 FÆÐUBÓTAREFNI

AAKG **ARGININE**
CREABLAST **KREATÍN**
GLUTAMAX **GLÚTAMÍN**
KREATÍN MAX **KREATÍN**
MASS PROTEIN **PRÓTEIN**
MULTI VITAMÍN **VÍTAMÍNBLANDA**
NO REBIRTH **FYRIR ÆFINGU**
RASP FATBURNER **BRENNSLUTÖFLUR**
WHEY PROTEIN **MYSUPRÓTEIN**



Tilboðin gilda til 16. mars 2014

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Stöð 2 kl. 19.20

Stóru málin

Vandaðir og áhugaverðir þættir þar sem fjallað verður á beinskeittan hátt um stóru málin í pólitíkinni á borð við skuldastöðu heimilanna, atvinnumál, skattamál og fleiri mikilvæg málefni. Lóa Pind Aldísardóttir rýnir í þjóðmálin og fer yfir þau á mannamáli.



Í KVÖLD



Spilaborg

SJÓNVARPIÐ KL. 21.05 House of Cards II er bandarísk þáttaröð um klækja-stjórnsmál og pólitíska refsaká þar sem menn svífast einskis í baráttunni. Leikendur eru m.a. Kevin Spacey, Michael Gill, Robin Wright og Sakina Jaffrey.



Family Guy

SKJÁR EINN KL. 19.40 Ein þekktasta fjölskylda teiknimyndasögunnar snýr loks aftur á Skjá einn. Peter Griffin og fjölskylda ásamt hundinum Brian búa á Rhode Island og lenda í ótrúlegum ævintýrum þar sem kolsvartur húmor er aldrei langt undan.



Nashville

STÖÐ 2 KL. 20.10 Önnur þáttaröð þessara frábæru þátta þar sem tónlistin spilar stórt hlutverk og fjallað er um kántrí-söngkonuna Rayna og ungstirnið Juliette Barnes.

FM 957 kl. 07.00

Morgunþáttur FM957

Morgunþátturinn á FM957 með þeim Sverri Bergmann og Ernu Hrönn. Morgunþátturinn er alla virka morgna milli 07-10 í boði Cocoa Puffs.



www.hafnarfjordur.is

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRDUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

AUGLÝSING UM AÐALSKIPULAG HAFNARFJARÐAR

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 19. febrúar 2014 breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025. Landnotkun á reit norðan Ásbrautar milli Selhelli og Tjarnarvalla er breytt úr blöndu af stofnana svæði og opnu svæði til sérstakra nota í athafnasvæði, og verður svæðið hluti af athafnasvæðinu Selhraun norður. Farið var með breytinguna skv. 32. grein skipulagslaga nr. 123/2010.

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Sundahöfn

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Vatnagarða í Sundahöfn. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreitum lóðanna nr. 4 og 6 við Sundabakka og nr. 3 við Sægarða ásamt gerð nýs hafnarbakka utan við Klepp í samræmi við núgildandi aðalskipulag Reykjavíkur. Nánar um tillöguna visast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 10. mars 2014 til og með 21. apríl 2014. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðunni, www.reykjavik.is, slá inn í leitarreit skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega, til umhverfis- og skipulagssviðs, b.t. skipulagsfulltrúa, eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 21. apríl 2014.** Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Reykjavík 10. mars 2014
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNSENDIR 411 3071

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.05 Malcolm in the Middle
- 08.30 Ellen
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 Doctors
- 10.15 Smash
- 10.55 Don't Tell the Bride
- 11.50 Falcon Crest
- 12.40 Nágrannar
- 13.05 The X-Factor
- 14.35 ET Weekend
- 15.15 Ofurhetjusérsvéitinn
- 15.40 Kalli litli kanína og vinir
- 16.10 Waybuloo
- 16.30 Ellen
- 17.10 Bold and the Beautiful
- 17.32 Nágrannar
- 17.57 Simpson-fjölskyldan
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Stóru málin

- 19.45 Mom (17:22) Frábær gamanþáttaröð um einstæða móður, Christy, sem hefur háð baráttu við Bakku en er nú að koma lífi sínu á rétt ról.
- 20.10 Nashville (10:22)
- 20.55 True Detective (8:8)
- 21.55 The Americans (1:13) Önnur þáttaröðin um rússnesku njósnarara Phillip og Elizabeth Jennings sem lifa undir fölsku flaggi í Bandaríkjunum og njósna fyrir KGB á dögum kalda stríðsins.
- 22.45 American Horror Story. Asylum (9:13)
- 23.25 The Big Bang Theory
- 23.45 The Mentalist
- 00.30 Rake
- 01.15 Bones
- 02.00 Girls
- 02.25 Orange is the New Black
- 03.25 Eastwick
- 04.05 Boss
- 05.00 Sons of Tucson
- 05.20 Hellcats

SPORT

- 14.00 Sheffield Utd. - Charlton
- 15.40 Manchester City - Wigan
- 17.20 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
- 17.50 Real Madrid - Levante
- 19.30 Ensku bikarmörkin 2014
- 20.00 Spænsku mörkin 2013/14
- 20.30 Valladolid - Barcelona
- 22.10 UFC Fight Night

SPORT 2

- 13.50 Blackburn - Burnley
- 15.30 Premier League World
- 16.00 Chelsea - Tottenham
- 17.40 Norwich - Stoke
- 19.20 WBA - Man. Utd.
- 21.00 Messan
- 22.20 Football League Show 2013/14
- 22.50 Cardiff - Fulham
- 00.30 Messan

INN

- 20.00 Frumkvöðlar 20.30 Eldhús Meistaranna
- 21.00 Vafrað um Vesturland 21.30 Stormað um Hafnarfjörð

STÖÐ 3

- 17.35 Extreme Makeover.
- 18.15 Hart Of Dixie
- 19.00 Amazing Race
- 19.45 The New Normal (17:22)
- 20.10 Offspring (13:13)
- 20.55 The Glades (11:13) Önnur þáttaröðin af þessum sakamálaþáttum sem segja frá lífi og starfi lögreglumannsins Jims Longworth.
- 21.40 The Vampire Diaries (5:22) Þriðja þáttaröðin um unglingsstúlku sem fellur fyrir strák sem er í raun vampír.
- 22.25 Shameless (9:12)
- 23.15 Shameless (10:12)
- 00.00 Men of a Certain Age
- 00.45 Nikita
- 01.25 Justified
- 02.10 Amazing Race
- 02.55 The New Normal
- 03.15 Offspring
- 04.00 The Glades
- 04.45 The Vampire Diaries
- 05.25 Men of a Certain Age

Krakkastöðin

- 07.00 Ofurhundurinn Krypto 07.25 Brunabíllarnir 07.47 Ávaxtakarfan 08.00 Ljótí andarunginn og ég 08.23 Latibær 08.34 Ævintýraferðin 08.47 Tom and Jerry 08.55 Rasmus Klumpur og félagar 09.00 Könnuðurinn Dóra 09.24 Mörgæsinn frá Madagaskar 09.46 Doddi litli og Eyrnastór 10.00 Áfram Diego, áfram! 10.24 Svampur Sveinsson 10.50 Gulla og grænjaxlarnir 11.00 Ofurhundurinn Krypto 11.25 Brunabíllarnir 11.47 Ávaxtakarfan 12.00 Ljótí andarunginn og ég 12.23 Latibær 12.34 Ævintýraferðin 12.47 Tom and Jerry 12.55 Rasmus Klumpur og félagar 13.00 Könnuðurinn Dóra 13.24 Mörgæsinn frá Madagaskar 13.46 Doddi litli og Eyrnastór 14.00 Áfram Diego, áfram! 14.24 Svampur Sveinsson 14.50 Gulla og grænjaxlarnir 15.00 Ofurhundurinn Krypto 15.25 Brunabíllarnir 15.47 Ávaxtakarfan 16.00 Ljótí andarunginn og ég 16.23 Latibær 16.34 Ævintýraferðin 16.47 Tom and Jerry 16.55 Rasmus Klumpur og félagar 17.00 Könnuðurinn Dóra 17.24 Mörgæsinn frá Madagaskar 17.46 Doddi litli og Eyrnastór 18.00 Áfram Diego, áfram! 18.24 Svampur Sveinsson 18.50 Gulla og grænjaxlarnir 19.00 Algjör Sveppi og leitinn að Villa 20.20 Sögur fyrir svefninn

GULL

- 17.55 Strákarnir
- 18.25 Friends
- 18.50 Seinfeld
- 19.15 Modern Family
- 19.35 Two and a Half Men (5:24)
- 20.00 Sjálfstætt fólk
- 20.30 Eldsnögg með Jóa Fel (4:12)
- 21.00 Game of Thrones (8:10)
- 21.55 Ally McBeal (20:23)
- 22.45 Nikolaj og Julie (19:22)
- 23.25 Anna Pihl
- 00.10 Sjálfstætt fólk
- 00.35 Eldsnögg með Jóa Fel
- 01.05 Game of Thrones
- 02.00 Ally McBeal
- 02.45 Tónlistarmyndbönd

BÍÓ

- 11.10 Big Miracle
- 12.55 Love and Other Drugs
- 14.50 Playing For Keeps
- 16.35 Big Miracle
- 18.20 Love and Other Drugs
- 20.15 Playing For Keeps
- 22.00 La princesse de Montpensier
- 00.15 Amusement
- 01.40 Saw VI
- 03.10 La princesse de Montpensier

RÚV

- 13.30 Vetrarólympíumót fatlaðra (Hjólástóla krulla)
- 16.35 Herstöðvarlíf
- 17.20 Teitur
- 17.30 Kólabræður
- 17.40 Engilbert ræður
- 17.48 Grettir
- 18.00 Tákn málsfréttir
- 18.10 Prekmótariðin 2013
- 18.30 Brautryðjendur
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Veðurfréttir
- 19.30 Íþróttir
- 19.40 Kastljós
- 20.00 Afríka – Sahara eyðimörkin (5:5) (Africa) Ævintýraleig þáttaröð frá BBC um Afríku í allri sinni dýrd. Með einstökum gleraugum Sir Davids Attenborough ferðast áhorfandinn yfir álfuna þvera og endilanga og upplifir fjölbreytla náttúrunnar með nýjustu töku- og vinnslutækni.
- 21.05 Spilaborg (4:13) (House of Cards II)
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Viðtalið (Guðbjörg Kristjánsdóttir)
- 22.45 Poppmenning Evrópu (The Rockumentary) Heimildamynd um evrópska popptónlist, einkenni hennar, yfirbragð og uppruna.
- 23.35 Kastljós
- 23.55 Fréttir
- 00.05 Dagskrárlök

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Cheers
- 08.25 Dr. Phil
- 09.05 Pepsi MAX tónlist
- 15.50 Judging Amy
- 16.35 Dogs in the City
- 17.25 Dr. Phil
- 18.05 Top Gear Special. The Worst Car in the History of the World
- 19.15 Cheers
- 19.40 Family Guy (19:21) Ein þekktasta fjölskylda teiknimyndiheimsins.
- 20.05 Trophy Wife (10:22) Gamanþættir sem fjalla um partístelþuna Kate sem verður ástfangin og er lent milli steins og sleggu fyrrverandi eigin-kvenna og dómhárðra barna.
- 20.30 Top Chef (14:15) Vinsæl þáttaröð um keppni hæfileikaríkra matreiðslumanna sem allir vilja ná toppnum í matarheiminum. Í þessum þætti kemur í ljós hver stendur eftir sem sigurvegari Top Chef Vegas.
- 21.15 Mad Dogs - LOKAPÁTTUR (4:4) Þriðja þáttaröð af þessum breska myndaflokki um fjóra miðaldra æskuvini sem ákváðu að heimsækja vin sinn á Mallorca, sem reynist lífa vafasömu lífi og er myrtur skömmu eftir komu þeirra.
- 22.00 CSI
- 22.45 The Tonight Show
- 23.30 Law & Order
- 00.15 Mad Dogs
- 01.00 In Plain Sight
- 01.50 The Tonight Show
- 02.35 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin

- 08.00 World Golf Championship 2014 14.00 Golfing World 2014 14.50 Inside The PGA Tour 2014 15.15 2012 Augusta Masters 18.00 Golfing World 2014 18.50 PGA Tour 2014 21.50 Golfing World 2014 22.40 Augusta Masters Official Film - 1989

ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 90,1 Rás 2

- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1
- FM 95,7 FM957

- FM 96,3 FM Suðurland
- FM 96,7 Létt Bylgjan
- FM 97,7 X-ið

- FM 98,9 Bylgjan
- FM 99,4 Útvarp Saga
- FM 100,5 Kaninn

- FM 102,2 Útv. Latibær
- FM 102,9 Lindin
- FM 105,5 Útvarp Boðun

Quick Step Harðparkettdagar



Hágæða harðparket frá Quick Step

Endurnýjaður sýningarsalur með
YFIR 80 TEGUNDUM AF HARÐPARKETI Í BOÐI!


HARÐVIÐARVAL

MÁNUDAGSLAGIÐ



„Dead Horse með Guns N' Roses. Þetta lag er ævinlega upphaf vinnuvikunnar hjá mér. Ég veit ekki af hverju.“

Helgi Seljan fjölmiðlamaður

Kynna framandi nám í Noregi

Helga Dís Sigurðardóttir kynnir nám í tölvuleikjahönnun í Noregi.

„Íslensku nemendurnir er mjög ánægðir í náminu hjá okkur,“ segir Helga Dís Sigurðardóttir, háskólakennari í Hint í Steinkjer í Noregi. Um er að ræða háskólanám í Noregi í annars vegar tölvuleikjahönnun og hins vegar margmiðlunartækni en þetta nám er ekki í boði á Íslandi. „Það komu sjö Íslendingar til okkar í haust og kunna þeir mjög vel við sig.“

Tölvuleikjahönnunin hefur notið vaxandi vinsælda en á hverri önn komast 40 manns inn í nám í tölvu-

leikjahönnun og 40 í margmiðlunartækni. „Í tölvuleikjahönnuninni er farið yfir þrívíddarhönnun og fólkið lærir grundvallarforritun,“ útskýrir Helga Dís um námið í tölvuleikjahönnun.

Þá fara nemendurnir í svokallaða leikjasmíðju. „Nemendurnir stofna sín eigin nemendafyrirtæki og keppast um að koma á framfæri hugmyndum sínum. Við fáum fagadila úr tölvuleikjageiranum til að gagnrýna og aðstoða nemendurna.“ Hugmyndir úr náminu hafa náð

langt eins og HytteQuiz sem var eitt vinsælasta smáforrit í Noregi á síðasta ári.

„Margir sem útskrifast úr margmiðlunartæknináminu starfa við fjölmiðla og þess háttar. Námið í skólanum kostar líka mjög lítið eða um 12.000 krónur í annargjald.“

Kynning á náminu fer fram í kvöld í VMA á Akureyri, á morgun í FVA á Akranes og í húsnæði Tækniskólans á Skólavörðuholti á fimmtudag. Allar kynningarnar hefjast klukkan 19.00

- glp



KYNNIR SPENNANDI NÁM Helga Dís Sigurðardóttir, háskólakennari í Noregi, sér um kynningarnar hér á landi.

MYND/EINKASAFN

Heilluðu netrisann Google upp úr skónum

Piltarnir í Blendin fluttu til San Francisco fyrir skömmu til að lifa drauminn. Þeir kynntu hugmyndir sínar fyrir fjárfestum og náðu að heilla Google upp úr skónum.

„Fundurinn gekk ótrúlega vel og fólk var mjög spennt. Þetta endaði með því að við fórum í hádegismat með konu einni og aðstoðarmanni hennar og út frá því kynnti hún okkur fyrir manneskju innan Google. Sú manneskja var í sama teymi og hannaði Google Maps,“ segir Davíð Örn Símonarson, framkvæmdastjóri Blendin. Ásamt Davíð Erni standa þeir Kristján Ingi Mikaelsson, Ásgeir Vísir og Daníel Björn Sigurbjörnsson á bak við Blendin.

Þeir félagar fluttu fyrir skömmu til San Francisco til að taka hugmyndina um Blendin-appið á næsta stig og kynntu appið á fjárfestingaráráðstefnunni Seed Forum sem haldin var í San Francisco. Þeir voru eitt af fjórum fyrirtækjum sem fékk að kynna hugmyndir sínar og starfsemi.

„Það er frábært að fá tækifæri til þess að kynna hugmyndina á svona fundi en það er líka rándýrt. Það kostar um 2.500 evrur að halda sjö mínútna kynningu þarna. Við fengum hins vegar að gera þetta á góðum kjörum því við höfðum áður kynnt fyrirtækið á Seed Forum í London.“ Þeir fóru í höfuðstöðvar Google eftir fundinn og hittu þar konu sem var í teymi sem hannaði meðal annars Google Maps. „Þetta er alveg ótrúlegur vinnustaður,“ bætir Davíð Örn við.

Hugmyndin að Blendin kviknaði í samkvæmi í Danmörku sumarið 2012. „Þá kom Egill Ásbjarnarson, meðstofnandi Blendin, upp að mér með vandamál. Hann var orðinn þreyttur á því að þurfa að hringja í alla vini sína til þess að fá upplýsingar um hvort sá eða sú væri að fara að skemmta sér. Frá og með þessu kvöldi var ákveðið að slá á þetta og koma með lausn á þessu vandamáli,“ segir Davíð Örn spurður út í upphafið. App þeirra



HEILLUÐU GOOGLE Hér eru piltarnir á bak við Blendin í höfuðstöðvum Google. Þeir náðu að gera starfsmenn Google spennta fyrir Blendin-appinu.

MYND/EINKASAFN

Svona lítur appið út í símanum

Appið er í raun næsta kynslóð af hinu geysivinsæla appi, Snapchat. Blendin gerir þér kleift að fylgjast með hvar vinir þínir eru að skemmta sér. Fólk tékkar sig inn á skemmtistaði og þá er einnig hægt að sjá hvar manneskjan er inni á staðnum með hjálp GPS-tækninnar.

Tölurnar við hausanna á myndinni segja til um fjölda vina sem tékkaðir eru inn á sama skemmtistað. Ef talan er rauð þá hefur nýr vinur tékkað sinn á staðinn. Athugið að notendur geta valið hvaða vinir sjá hvar þú ert hverju sinni, líkt og á Snapchat.

Uppi vinstra megin er aðgangur að vinalistanum þínum.

Uppi hægra megin er tékk-inn-ferlið sem þú ferð í gegnum þegar þú tékkar þig inn á staði.



félaga er allt útspekúlerað og hafa þeir unnið að smíði appsins í rúm ár. „Eftir að við komum hingað út þá höfum hugsað Blendin upp á nýtt og einfaldað það talsvert. Við tókum marga fíðusa út því þetta er svo nýtt og ákváðum að byrja frekar einfalt og bæta svo við. Reynslumikið fólk í geiranum ráðlagði okkur að byrja með einfalda útgáfu af appinu,“ segir Davíð Örn. Þeir stefna á að

stækka appið smátt og smátt. „Við getum vonandi eftir eitt til tvö ár selt fyrirtækið til stærra fyrirtækis eins og Google eða Facebook en ætlum þó að byrja á að byggja upp aðdáendahóp.“

Stefnt er að því að gefa út einfalda útgáfu af Blendin í lok mars eða byrjun apríl og mun appið aldrei kosta neitt.

gunnarleo@frettabladid.is

Erlend vefsíða vaktar Loga

Saga Seyðisfjarðar spilar stórt hlutverk í þáttunum Grillingi. Stikla úr myndinni birtist á vefsíðunni Twitch, en tókur eru ekki hafnar á þáttunum.

„Ég lofaði að láta þá vita ef ég væri að gera eitthvað spennandi,“ segir Logi Hilmarsson, en bladið Twitch birti stiklu úr sjónvarpsþáttum eftir hann sem heita Grillingur, jafnvel þótt tókur á þáttunum séu enn ekki hafnar. „Við fengum vilyrði hjá Stöð 2 fyrir Grillingi í fyrra. Verkefnið fjaraði hins vegar út vegna þess að við fengum ekki styrk hjá Kvikmyndasjóði. Við erum að bíða eftir fjármagni til þess að við getum farið í tókur, en við erum búin að gera eins konar prufuþátt, og líka stiklu,“ segir Logi.

Vefsíðan Twitch hefur sýnt verkum Loga áhuga um nokkurt skeið. „Ég gerði stuttmyndina Þyngdarafli, eða Gravity, fyrir nokkrum árum. Hún var sýnd á Tribeca Film Festival. Aðstandendur

Twitch fóru fögrum orðum um stuttmyndina.“

Logi lærði kvikmyndagerð í Frakklandi. „Ég er uppalinn í Frakklandi,“ segir hann. Síðan flutti ég hingað og tók eina önn í Kvikmyndaskólanum. Ég hætti vegna þess að ég byrjaði strax að vinna í kvikmyndabransanum. Síðan er ég að skrifa mynd í fullri lengd, og svo vonast ég til að geta farið í tókur á Grillingi von bráðar. Handritið er alveg tilbúið. Ég skrifaði það með Birki Björns Halldórsyni, sem er þekktari sem rappari, og Magnúsi Birni Ólafssyni heimspekingi. Grillingur gerist um sumartíma á Seyðisfirði. Saga bæjarins spilar stórt hlutverk í sögunni, þannig að þættirnir geta hvergi annars staðar gerst,“ segir Logi.

- ue



KVIKMYNDIR Magnús Björn Ólafsson, Logi Hilmarsson og Birkir Björns Halldórsón skrifuðu saman handritið að Grillingi.

MYND/ÚR EINKASAFN

ÞRIÐJUDAG
21:10 **3**

**ÞRIÐJUDAGS
KVÖLD**

Með Friikka Dór

Í opinni dagskrá

3 | Þriðjudag 21:10

Friðrik Dór er til í allt!

Þeir félagar Frikki Dór og Ási hafa slegið í gegn á Stöð 3 í vetur enda uppátækin mögnuð. Óborganlegir sketsar, skemmtilegir gestir og ferskustu böndin taka lagið. Ekki missa af Friikka Dór á Stöð 3!

3 + +

Fjór fyrir alla fjölskylduna!

Með Fjölskyldupakkanum færðu alls konar fjór fyrir ungt fólk á öllum aldri. Erlent gæðaeefni í bland við frábært íslenskt efni á Stöð 3 og vandað talsett efni frá morgni til kvölds á Krakkastöðinni.

2.990 kr.

Fáðu þér áskrift!

365.IS



FIND **NEW** ROADS™



FÁÐU MEIRA...



Bíll á mynd: Chevrolet Cruze LTZ

CHEVROLET CRUZE
2.890.000.-
LT BENSÍN 1.8L
BSK. 4 DYRA

RÍKULEGA BÚINN CRUZE

Chevrolet Cruze er með ríkulegan staðalbúnað og jafnframt á sérlega hagstæðu verði. Þess vegna hvetjum við þig til að gera samanburð á verði og búnaði bíla í sama flokki og fá meira fyrir peninginn.

- ESC stöðugleikakerfi
- Bluetooth
- Hæðarstilling á framsætum
- Hiti í framsætum
- Aksturstölva
- ABS hemlælæsivörn
- ISOFIX öryggisfestingar
- Álfelgur
- Loftkæling
- Nálgunarvörn að aftan
- Tengi fyrir Ipod og MP3 spillara
- Útvarpsstillingar í stýrishjól
- Rafmagn í fram- og afturrúðum
- Rafmagn og hiti í hliðarspeglum
- Hraðastillir (Cruise Control)

Hluti af staðalbúnaði - sjá meira á benni.is

Opið alla virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.

Nánari upplýsingar á benni.is

Reykjavík	Reykjanesbær	Akureyri
Tangarhöfða 8	Njarðarbraut 9	Glerárgötu 36
Sími: 590 2000	Sími: 420 3330	Sími: 461 3636

Bílaúð
Benna
Sérfræðingar í bílum



Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
 EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR AF FÓLKI

Of gróft fyrir börnin

„Það að Íslendingur standi sig vel í bardagaþrótt er að mínu mati ekki réttlætning á að bardagi sé opin börnum,“ skrifar **Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir**, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins á Facebook-síðu sinni um bardaga Gunnars Nelson á laugardag. „Mér finnst skrítið að bardaginn sé úti um allt á netinu og aðgengilegur börnum. Þetta er of gróft fyrir mig og ég get ekki réttlætt fyrir mínum börnum að þetta sé íþrótt og því í lagi,“ segir Þorbjörg.



Fjölmarginir taka undir orð Þorbjargar á Facebook, þar á meðal Einar Þorsteins-son, fréttamaður á RÚV, sem segir bardagann ekki vera íþrótt heldur bardagasýningu og þótt Gunnar hafi staðið sig vel hafi þetta verið viðbjóður. - ebg

Settist í stól Fischers

Garry Kasparov, fyrverandi heimsmeistari í skák, er í heimsókn á Íslandi. Kasparov fór í gær í heimsókn á Fischer-setrið á Selfossi. Þar settist hann í stól sem Fischer sat oft í þegar hann heimsótti Fornbókabúðina hans Braga Kristjónssonar bóksala.

Stóllinn er nú kominn á Selfoss og sagðist Kasparov vilja óska þess að hann vissi hvaða bækur Fischer hefði verið að lesa þegar hann sat í stólinum. Aðaltilgangur heimsóknar Kasparovs hingað til lands mun vera að hitta fulltrúa sex norræna skáksambanda og kynna framboð sitt til embættis forseta FIDE.

- jme

Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Gunnar: Ekki slæmt að vera á vinalista Dana White
- 2 „Mikill er máttur Fésbókar“
- 3 „Þetta snýst ekki um launamál, þetta er miklu stærra en það“
- 4 Fékk fimm og hálf milljón króna aukalega
- 5 Bardagi Gunnars í heild sinni

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24, alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

VORUM AÐ FÁ NÝJA LÍNU AF RÚMUM



ROYAL - M1
 Fullt verð 155.939 kr.
124.751 kr.

MILLISTÍFT
 5 SVÆDASKIPT POKAGORMAG
 EXTRA STERKT GORMAKERFI
 ÞRÝSTJÖFNUNARVAMPUR Í TOPPI
 STÍFUR BOTN KLÆDDUR
 MED LEDURLÍKI
 ÞRÍR LITIR HVÍTUR,
 SVARTUR OG BRÚNN
 VEGLEGIR FÆTUR KRÓM OG VIDAR

**20%
 KYNNINGAR-
 AFSLÁTTUR
 Á NÝJU LÍNUNNI**

ROYAL - M2
 Fullt verð 133.473 kr.
106.778 kr.

STÍFT
 5 SVÆDASKIPT POKAGORMAKERFI
 ÞRÝSTJÖFNUNARVAMPUR Í TOPPI
 STÍFUR BOTN KLÆDDUR
 MED LEDURLÍKI
 ÞRÍR LITIR HVÍTUR,
 SVARTUR OG BRÚNN
 VEGLEGIR FÆTUR KRÓM OG VIDAR

ROYAL - M3
 Fullt verð 135.675 kr.
108.540 kr.

MILLISTÍFT/STÍFT
 5 SVÆDASKIPT POKAGORMAKERFI
 ÞRÝSTJÖFNUNARVAMPUR Í TOPPI
 STÍFUR BOTN KLÆDDUR
 MED LEDURLÍKI
 ÞRÍR LITIR HVÍTUR,
 SVARTUR OG BRÚNN
 VEGLEGIR FÆTUR KRÓM OG VIDAR

ROYAL - M1
 Fullt verð 146.233 kr.
116.986 kr.

MILLISTÍFT
 ÞRÝSTJÖFNUNARVAMPUR SEM
 LAGAST EINSTAKLEGA VEL AÐ LÍKAMA
 STÍFUR BOTN KLÆDDUR MED
 LEDURLÍKI
 ÞRÍR LITIR HVÍTUR,
 SVARTUR OG BRÚNN
 VEGLEGIR FÆTUR KRÓM OG VIDAR

ROYAL - M7
 Fullt verð 152.716 kr.
122.172 kr.

MILLISTÍFT
 5 SVÆDASKIPT POKAGORMAKERFI
 SNÚNINGSDÝNA
 STÍFUR BOTN KLÆDDUR
 MED LEDURLÍKI
 ÞRÍR LITIR HVÍTUR,
 SVARTUR OG BRÚNN
 VEGLEGIR FÆTUR KRÓM OG VIDAR

rekkjan

H E I L S U R Ú M